



Frístundastyrkir:

**Hvernig styður sveitarfélagið við félagið þitt?**

**Hvað einkennir góða þjálfara í yngri flokkum?**

Rætt við Pálmar Ragnarsson um þjálfarahlutverkið

Stefnumótun UMFÍ:

**Grasróttin setur mark sitt á stefnu UMFÍ**

# Er vinningur? Skannaðu málið!

**NÝTT**

Nú geturðu skannað  
Lottómiðann í **APPINU**  
til að sjá strax hvort  
þú hafir unnið



Þægilegt  
í appinu



inná  
lotto.is



eða næsta  
sölustað



LEIKURINN OKKAR

Gallabuxur frá  
5999,-

LINDEX

Á upphafsárum ungmennafélagshreyfingarinnar fyrir rúmri öld voru samgöngur um landið allt afar erfiðar.

Vegir voru víða illfærir – eða ekki til. Tímafrekt var að ferðast milli bæja og íbúar sumra byggðalaga urðu innlyksa vikum saman um vetrarmánuðina vegna ófærðar. Skipulag hreyfingarinnar, eins og við þekkjum það nú, má rekja til þessara aðstæðna.

Nú er meðal frumskilyrða hagsældar og framfara hverrar þjóðar að samgöngur séu í góðu horfi. Samgöngubætur síðustu áratugina hafa líka haft veruleg áhrif á alla byggðapróun á Íslandi, skapað tækifæri til þéttari samfélagsstengsla, styrkt byggðarlög og leitt til þess að bæjarbragurinn hefur orðið fjölbreyttari.

Um leið og vegir hafa batnað og landsmenn horft á framfarir í öllu gildir öðru máli um íþróttahéruð. Skipting þeirra og fjöldi eru óbreytt frá því að landsmenn fóru hægt yfir heiðar og höktu á milli landshluta.

Samkvæmt íþróttalögum er landinu skipt í íþróttahéruð. Í hverju íþróttahéraði skal vera eitt héraðssamband/íþróttabandalag allra íþróttafélaga í héraðinu til að vinna að hinum ýmsu hagsmunamálum þeirra. Alls eru 25 íþróttahéruð á landinu eða 7 íþróttabandalög og 18 héraðssambönd. Þau eru mjög misjöfn hvað varðar stærð og getu. Mikilvægt er að skoða styrkleika/veikleika og ógnanir/tækifæri sameiningar íþróttahéraðanna og kannski sérstaklega á svæðum þar sem íbúar stunda íþróttir þvert á sveitarfélög og íþróttahéruð.

Núverandi skipting íþróttahéraða er afur frá liðnum tíma.

Nú er tækifæri til að stíga fullum fetum inn í framtíðina. Þar kemur efling íþróttahéraðanna til sögu. Við eigum ekki að hræðast breytingar. Í mörgum tilvikum getur eflingin á starfi héraðssambanda og íþróttahéraða styrkt félagsstarfið til muna. Sjá má fyrir sér færri og öflugri íþróttahéruð með skýrt hlutverk, aukna skilvirkni, kraftmeiri grasrót og bætt starf í daglegum rekstri. Með þróttmiklu og öflugu samstarfi skapast aukin tækifæri sem geta sameinað hagsmuni íþróttafélaga með hagsmuni grasrótar og lýðheilsu að leiðarljósi. Það getur eftir fagþekkingu, aukið hagræðingu og styrkt samstarf þvert á sveitarfélög, m. a. hvað varðar íþróttamannvirki.

Því má heldur ekki gleyma að kröfur, sem gerðar eru til íþróttahéraða, eru meiri en áður. Skýrslugerð og gagnasöfnun, bæði fyrir ríki og sveitarfélög, eykst árlega samfara kröfu um bætt fræðslu og aukna sérhæfingu.

Í þessari umræðu felast að sjálf-sögðu margar áskoranir og áleitnar spurningar. Þarna skipta máli landfræðilegar aðstæður, íbúafjöldi, staða íþróttahéraða, stækkun héraða, umræða um fjármagn, fækkun sveitarfélaga og margt fleira.

Ljóst er að vinna þarf ítarlega þarfagreiningu með grasrótinni, á hlutverki og skipulagi íþróttahéraða, hvort heldur sem þau enda í óbreyttri mynd eða verða sameinuð og þeim fækkað. Öflugri íþróttahéruð þurfa að vera með skýrt hlutverk og markmið. Samstarf minni héraða gæti skapað sameiginlegan vettvang sem veitir öfluga þjónustu og ráðgjöf í daglegum rekstri og stendur fyrir auknu samstarfi þvert á sveitarfélög með virka tengingu á milli UMFÍ/ÍSÍ og íþróttastarfs í grasrótinni með fræðslu og stuðningi. Mikilvægt er að fá hið opinbera inn í þessa umræðu.

Þetta er framtíðin. Ungmennafélags-hreyfingin þarf að sýna ábyrgð og ræða af yfirvegun um hugsanlegt fyrirkomulag á sameiningu og eflingu íþróttahéraða til

framtíðar. Miklu máli skiptir að íþróttahéruðin hafi styrk til að geta tekist á við vaxandi kröfur frá samfélaginu og þannig stutt við íþrótt- og æskulýðsstarf í heimabyggð. Þetta, ásamt mörgum fleiri málum, sem varða framtíðina, er til umræðu í stefnumótunarvinnu UMFÍ. Sú vinna stendur nú yfir og mun henni ljúka á sambandsþingi UMFÍ í október. Framtíðin er svo sannarlega spennandi.

Lárus B. Lárusson er í varastjórn UMFÍ



## Efnisyfirlit

- 6 Hæstánægðir þrátt fyrir tap á heimavelli
- 9 Ungt fólk vill taka þátt í félagsstarfi
- 10 Upplifa ævintýri á Kirkjubæjarklaustri
- 11 Mikilvægt að sýna andstæðingum virðingu
- 12 Sameinaðir sjóðir nýtist betur
- 14 Klappstýrur hvattar áfram
- 16 Líf og fjör í ungmennabúðum á Laugarvatni
- 20 Grasrótin setur mark sitt á stefnu UMFÍ
- 24 Skipulagt tómsundastarf er forvörn gegn öfgahyggju ungs fólks
- 26 Hver er stuðningur sveitarfélagsins við félagið?
- 28 Mikill kostur að bjóða upp á frístundastyrki og hvatagreiðslur
- 31 Krakkar eiga rétt á því að æfingar séu fjölbreyttar og skemmtilegar
- 33 Sumarglaðningur frá Íslenskri getsþá
- 34 Ekkert kaffi á aðalfundi UMFN
- 36 Allir með í Reykjanesbæ
- 38 Má birta gömlu myndirnar?
- 41 Leiksýningar og söngleikir fjármagna íþróttastarfið
- 42 Covid-19: Áhrifin frá seinni hluta árs 2020 til vors 2021
- 43 Fræðslufundir tengja félögin betur



8 **Embla Líf:** Magnað að tala við fólk í öðrum ungmennaráðum



29 **Arna Sigríður:** Vil sjá fleiri tækifæri í íþróttum



22 **Pétur Hrafn:** Hagræðing úrslita er mesta ógnin



32 **Pálmar:** Mikilvægt að vera með metnaðarfulla þjálfara í starfi yngri flokka

# Veist þú hvað Sportabler getur gert fyrir þitt félag?



- Fullkomið skráningar- og greiðsluferfi
- Góð yfirsýn, rekjanleiki og örugg gagnasöfnun
- Tímasparnaður
- Miðlun upplýsinga

Gerum gott starf enn betra, íþróttir skipta máli



Kynntu þér málið á [Sportabler.com](https://www.sportabler.com)





# Hæstánægðir þrátt fyrir tap á heimavelli

**Knattspyrnufélag Ungmennafélagsins Reynis á Hellissandi ætlaði að vígja heimavöll liðsins fyrir 27 árum. Það tókst ekki. Sonur þjálfara liðsins vakti liðið til lífsins á ný fyrir skömmu og blés til sóknar. Æfingar liðsins þykja stórskemmtilegar enda eru iðkendur frá 14 ára aldri og upp að sextugu.**

„Þetta var draumur sem rættist loksins, bæði fyrir mig og heimamenn. Við stóðum okkur öll vel,“ segir Kári Viðarsson, þjálfari og liðsmaður knattspyrnuliðs Ungmennafélagsins Reynis á Hellissandi. Liðið fékk Aftureldingu í heimsókn í lok apríl. Nær allar sóknir voru skrifaðar á Aftureldingu sem sóttu hart að marki heimamanna. En liðsmenn Reynis vorðust vel og munaði litlu að leikurinn hefði endað með jafntefli.

„Við fengum á okkur eitt mark úr viti og svo hefðum við ekki átt að fá á okkur síðasta markið. En við höfðum æft lítið og vorum orðnir þreyttir undir lokin,“ segir Kári. Leikurinn var æsispennandi og brutust út heimikil fagnaðarlæti þegar markvörður Reynis varði fimlega eina af vítaspyrnum Aftureldingar. Leikurinn endaði 2-0.

Kári segir íbúa á Hellissandi ánægða þrátt fyrir tapið. Ánægjan skýrist af því að með leiknum rættust draumar margra leikmanna á Hellissandi og heimamanna reyndar allra sem horfðu þarna á fyrsta leik knattspyrnuliðsins á velli sem til stóð að vígja með heimaleik fyrir 27 árum. Ekkert varð af leiknum fyrr en nú.

## Langur aðdragandi

Kári segir ástæðuna fyrir ánægju heimamanna á Hellissandi eiga sér langa sögu.

„Pabbi minn var formaður Ungmennafélagsins Reynis og átti frumkvæðið að því að gera grasvöll á Hellissandi fyrir 27 árum. Tveimur árum síðar setti hann saman lið til að vígja völlinn með leik og var hann þjálfari liðsins. En það klikkaði. Hann skráði liðið í bikarkeppnina, fékk útileik á móti Golfklúbba Grindavíkur. Við töpuðum 10-0 í Grindavík og draumurinn var úti,“ segir Kári. Þessi eini leikur, sem skráður hafði verið á Ungmennafélagið Reyni á Hellissandi hjá KSÍ, hefur setið í þeim feðgum alla tíð.

Kári safnaði því í lið um mitt ár 2020. Það gekk vel því að mikill áhugi var á knattspyrnu þótt aðeins tveir æfðu reglulega á Hellissandi. Uppgangurinn hefur verið mikill enda vildu allir vera með í vígsluleik vallarins.

„Núna erum við með 30 manna hóp, lið frá 14 ára til sextugs. Allir eru velkomnir enda mikill ungmennafélagsandi í liðinu. Það er auðvitað mikill fótboltaáhugi hér á Snæfellsnesi og Víkingur í Ólafsvík í meistara-flokki. En þar geta aðeins reynsluboltar æft og aðrir heltast úr lestinni. Þegar fréttist að við værum að safna í lið og að það væri gaman komu þeir til baka, ungu gauranir, og líka þriggja barna feðurnir,“ segir Kári. Heimildarmynd í fullri lengd um leikinn hefur verið í vinnslu frá í fyrra. Hann var því myndaður í bak og fyrir en stefnt er að frumsýna myndina á næsta ári.

## Skinfaxi 1. tbl. 2021

Skinfaxi, tímarit Ungmennafélags Íslands (UMFÍ), hefur komið út samfleytt síðan árið 1909. Tímaritið dregur nafn sitt af hestinum fljúgandi sem dró vagn goðsagnarverunnar Dags er ók um himinhvolfið í norrænum sagnaheimi.

### RITSTJÓRI

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson.

### ÁBYRGÐARMADUR

Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ.

### RITNEFND

Gunnar Gunnarsson, formaður, Annas Jón Sigmundsson, Eiður Andri Guðlaugsson, Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir, Sigurður Óskar Jónsson og Soffía Meldal.

### PRENTUN

Prentmet Oddi.

### LJÓSMYNDIR

Ívar Sæland, Eypór Árnason, Gunnar Gunnarsson, Hafsteinn Snær Þorsteins-son, Haraldur Jónasson, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Oscar Rybinski, Sabína Steinunn Halldórsdóttir, Ágúst Atlason, Hanna Símonardóttir o.fl.

### UMBROT OG HÖNNUN

Indigó.

### PRÓFARKALESTUR

Helgi Magnússon.

### AUGLÝSINGAR

Styrksöfnun.

### FORSÍÐUMYND

Myndina tók Haraldur Jónasson af kátum nemendum í Ungmennabúðum UMFÍ á Laugarvatni.

### STJÓRN UMFÍ

Haukur Valtýsson, formaður, Jóhann Steinar Ingimundarson, varaformaður, Sigurður Óskar Jónsson, ritari, Guðmundur G. Sigurbergsson, gjaldkeri, Ragnheiður Högnadóttir, meðstjórnandi, Gunnar Gunnarsson, meðstjórnandi, og Gunnar Þór Gestsson, meðstjórnandi.

### VARASTJÓRN UMFÍ

Hallbera Eiríksdóttir, Lárus B. Lárusson, Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir og Gissur Jónsson.

### UMFÍ

Ungmennafélag Íslands, landssamband ungmennafélaga á Íslandi, var stofnað á Þingvöllum 2. ágúst 1907. Sambandsaðilar UMFÍ eru 28 talsins sem skiptast í 21 ípróttahérað og 7 ungmennafélög með beina aðild. Alls eru um 450 félög innan UMFÍ með rúmlega 270 þúsund félagsmenn.

### STARFSFÓLK UMFÍ

Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, kynningarfulltrúi og ritstjóri Skinfaxa, Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúi og framkvæmdastjóri Landsmóta (með aðsetur á Sauðárkróki), Ragnheiður Sigurðardóttir, landsfulltrúi og verkefnastjóri, Sigurður Guðmundsson landsfulltrúi með aðsetur í Borgarnesi og Guðbjarna Kristín Þórðardóttir, ritari. Starfsfólk í Ungmennabúðum á Laugarvatni: Jörgen Nilsson, starfandi forstöðumaður, Anna Margrét Tómasdóttir, Þorsteinn Hauksson og Soffía Margrét Sigurbjörnsdóttir.

### SKRIFSTOFA UMFÍ/SKINFAXA

Þjónustumiðstöð UMFÍ, Sigtúni 42, 105 Reykjavík sími: 568 2929 umfi@umfi.is - www.umfi.is

**UMFÍ**



# UNGLINGALANDSMÓT

Selfossi 29. júlí - 1. ágúst 2021

Ítarlegri upplýsingar og skráning á [ulm.is](http://ulm.is)





# Embla Líf: Magnað að tala við fólk í öðrum ungmennaráðum

„Staða ungmennaráða á Íslandi er misjöfn og ljóst að árangur þeirra er mun meiri þar sem ungmennaráðum er gert hátt undir höfði,“ segir Embla Líf í ungmennaráði UMFÍ.

Ungmennaráð UMFÍ stóð fyrir rafræna viðburðinum Samtal ungmennaráða í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga fimmtudaginn 8. apríl sl. Embla Hlíf Hallsdóttir, sem situr í ráði UMFÍ, segir þetta hafa verið magnaðan viðburð. Markmiðið hafi verið að búa til vettvang fyrir fulltrúa ungmennaráða um allt land þar sem þeir gætu hist, deilt reynslu sinni og hugmyndum og rætt saman um starfið með óformlegum hætti.

Embla Líf átti hugmyndina að samtalinu, var drifkraftur þess og stýrði viðburðinum fyrir hönd Ungmennaráðs UMFÍ.

Á viðburðinn komu 30 þátttakendur frá 19 ungmennaráðum um allt land. Þar á meðal voru ungmennaráð annarra frjálsra félagasamtaka og ungmennaráð sveitarfélaga. Á meðal þátttakenda voru tveir fulltrúar frá nýskipuðu ungmennaráði Norðurþings og var fundur þeirra með ungmennaráðunum fyrsta verk þeirra.

Embla segir þátttakendur hafa verið mjög ánægðar með að ræða málin og finna að þau standa ekki ein í sveitarfélagi sínu.

„Þarna sáum við að staða ungmennaráða er mjög misjöfn. Engu máli skiptir hvar þau eru stödd á landinu. Á sumum stöðum virðist sem þau séu höfð til punts. Annars staðar eru fulltrúar ungmennaráða kallaðir á fundi sveitarstjórna með markvissum hætti þegar fjallað er um málefni ungs fólks í sveitarfélagi viðkomandi,“ segir hún og bætir við að bestur árangur hafi náðst þar sem staða ungmennaráða er föst í sessi, þeim er gert hátt undir höfði og ráðin virkjuð í starfi sveitarfélaganna.

## Gott fordæmi á Akureyri

Sem dæmi um öflugt starf er Ungmennaráð Akureyrar, sem hlaut viðurkenningu Barnvænna samfélaga um mitt síðasta ár. Ungmennaráðið er afar öflugt í sveitarfélaginu. Það fundar einu sinni í viku og fá með-

limir þess greitt fyrir störf sín eða 12 fundi sem er svipað og aðrir bæjarfulltrúar fá. Þetta er sjaldséð enda oft þannig að fulltrúar ungmennaráða í sveitarstjórnnum eða ráðgjafahlutverkum bæjarfélaga eru gjarnan þeir einu sem fá ekki fá greitt fyrir nefndarstörf sín. Nefna má sem dæmi, að til viðbótar fá fulltrúar ungmennaráðs Samfés greitt fyrir setu sína á stjórnarfundum, sitji þeir þá.

Starfsemi og virkni ungmennaráðsins á Akureyri jókst verulega eftir að Akureyrarbær fór að taka þátt í verkefninu Barnvænt samfélag og hóf með markvissum hætti að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í stjórnslu og starfsemi bæjarins, með hagsmuni allra barna og ungmenna þar að leiðarljósi.

Akureyrarbær var fyrstur sveitarfélaga til að hljóta viðurkenningu Barnvænna sveitarfélaga fyrir árangurinn og afhentu Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, og Birna Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi, bæjarstjórnarfundum á Akureyri og fulltrúunum í ungmennaráði Akureyrar viðurkenningu vegna þessa.

„Þau sögðu okkur þar að allt hefði breyst og nú gerist ekkert tengt ungu fólki á Akureyri nema að ungmennaráðið hafi komið að málinu. Þetta hefur greinilega mjög jákvæð áhrif í því að gera sveitarfélögin barnvæn,“ segir Embla Líf í Ungmennaráði UMFÍ.

„Þetta var svo magnað, að ég gat ekki hætt að brosa. Það var svo magnað að heyra fulltrúa ungmennaráða opna sig.“





# Ungt fólk vill taka þátt í félagsstarfi

**Lísa Leifsdóttir tók nýverið við sem formaður Íþróttafélagsins Hattar á Egilsstöðum. Hún segir kynslóðaskipti í stjórnun ungmennafélaga um allt land.**

„Ég vil leggja mitt af mörkum til samfélagsins og mér finnst gaman að taka þátt í félagsstarfi,“ segir Lísa Leifsdóttir, nýkjörinn formaður Íþróttafélagsins Hattar á Egilsstöðum. Með kjörinu bætist Lísa í hóp tiltölulega ungs fólks sem hefur verið að taka að sér forystuhlutverk í ungmennafélagshreyfingunni. Hún tekur við formannsstarfinu af Davíð Þór Sigurðarsyni sem hefur setið í stjórninni síðastliðin 13 ár, þar af sem formaður í 12 ár.

Lísa er ný í stjórn Hattar. Hún er fædd árið 1986 og því tæplega 35 ára og á svipuðu reki og aðrir í stjórn Hattar. Ásamt Lísu kom Óttar Steinn Magnússon nýr inn í aðalstjórn Hattar og varð hann gjaldkeri. Fyrir í stjórninni var Erlingur Guðjónsson ritari sem hefur setið í stjórn Hattar frá árinu 2019. Stjórn Hattar er reyndar ekki sú eina sem Lísa situr í. Hún er í stjórn foreldrafélags skóla barna sinna, er einnig í stjórn kórsins og svo má lengi telja.

„Ég treð mér í allar stjórnir sem hægt er. Konum hefur verið að fjölga í stjórnun aðildarfélaganna Hattar og þær eru nú í meirihluta,“ segir Lísa og telur líklegustu ástæðuna fyrir því að kynslóðaskipti séu að eiga sér stað hjá mörgum félögum og nú sé yngra fólk að fylgja börnum sínum í íþróttum. Lísa er frá Seyðisfirði en hefur verið búsett á Egilsstöðum síðastliðin 11 ár með fjölskyldu sinni. Hún og maður hennar eiga tvö börn sem eru að taka sín fyrstu skref á íþróttasviðinu enda 10 ára og 4 ára.

„Þau eiga eftir að prófa ýmislegt. Mér finnst spennandi að taka þátt í þessu með þeim, áskoruninni sem felst í félagsstarfi og uppbyggingu samfélagsins,“ segir hún og bætir við að stjórnin ætli að sjá til þess að allir íbúar, sérstaklega börnin á Egilsstöðum, finni íþróttir við hæfi.

„Þau eru stór sporin sem ég er að stíga í. Davíð Þór og fyrri stjórn hafa gert góða hluti af mikilli ástríðu, ekki síst með stofnun byggingarfélag Hattar sem reisti fimleikahús innan kostnaðaráætlunar og á réttum tíma,“ segir hún.



Óttar Steinn Magnússon, Lísa Leifsdóttir og Erlingur Guðjónsson.

Á aðalfundi Hattar, sem haldinn var 16. apríl sl., var kosin ný framkvæmdastjórn hjá aðalstjórn Hattar. Tveir nýir aðilar koma inn í stjórnina en það eru þau Lísa Leifsdóttir og Óttar Steinn Magnússon. Lísa var kosin formaður Hattar og Óttar gjaldkeri. Fyrir í stjórninni var Erlingur Guðjónsson sem er ritari en hann hefur setið í stjórninni frá 2019.

**Ungt fólk** hefur í auknum mæli tekið að sér formennsku hjá sambandsaðilum UMFÍ og aðildarfélögum um allt land. Hér skulu nefndir þrjár einstaklingar.

- **Guðrún Helga Magnúsdóttir**, formaður Ungmennasambands Vestur-Húnavetninga (USVH) – fædd 1997.
- **Benedikt Jónsson**, formaður Ungmennasambands Austurlands (ÚÍA) – fæddur 1990.
- **Jóhanna Íris Ingólfssdóttir**, formaður Ungmennasambandsins Úlfjóts (USÚ) – fædd 1987.

# Upplifa ævintýri á Kirkjubæjarklaustri

## Stefna á að setja upp ævintýri í skóginum við Systrafoss í sumar

„Við erum spennt fyrir því að búa til ævintýri í skóginum okkar á Kirkjubæjarklaustri. Að gera fólki kleift að ganga inn í ævintýri þegar það kemur í skóginn, ganga svo dýpra inn í hann og upplifa þar ýmislegt athyglisvert. Hugmyndin er góð og við vitum að hún vekur lukku,“ segir Erla Þórey Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Ungmennasambands Vestur-Skaftafellssýslu (USVS).

Skógrækt ríkisins hefur umsjón með uppbyggingu og umhirðu skógarins á Kirkjubæjarklaustri og er þetta samvinnuverkefni USVS, Vatnajökulspjóðgarðs og Skógræktarinnar til að efla vitund fólks um skógrækt, útivist og hreyfingu og fjölga þeim sem gera sér ferð um skóginn.

Starfsfólk Skógræktarinnar og Vatnajökulspjóðgarðs bjó til svölítið jólaævintýri í skóginum á Klaustri um síðustu jól og vakti það lukku.

„Hugmyndin varð til þarna um jólin. Okkur langaði til að gera eitthvað skemmtilegt í skóginum til að koma fólki í jólagírinn en þó aðallega til að fá fólk til að hreyfa sig í COVID-depurðinni og öðlast aðeins öðruvísi upplifun en venjulega. Við fórum að hugsa og settum upp Grýlu og jólasveina um allan skóg ásamt jóladóti. Það sama á auðvitað við um þetta verkefni og annað, það má helst ekki kosta neitt. Allavega mjög lítið. En þetta uppátæki virkaði. Börn úr leikskólanum og grunnskólanum á Klaustri fóru í skóginn til að skoða. Það vakti mikla gleði hjá krökkunum. Umferðin um skóginn var í það minnsta talsverð. Fólk vildi endilega sjá Grýlu og jólasveinana,“ segir Erla Þórey.

Líklegast er að í skóginum verði í sumar á ferð persónur á borð við Rauðhettu og úlfinn og fleiri úr sama ranni.

„Það er auðvelt að gera þetta, því að næstum allir geta farið í gönguferð inn í skóg og upplifað eitthvað skemmtilegt,“ segir Erla.



### Skógurinn á Klaustri

Upphaf skógarins á Klaustri má rekja til þess að Klausturbændur girtu af brekkurnar ofan við bæinn og hófu þar skógrækt árið 1945. Alls voru gróðursettar þar 60.000 birkiplöntur. Hjónin Helgi Lárusson, einn Klaustursbræðra, og Sígurlaug Helgadóttir, kona hans, áttu stóran þátt í því að skógurinn var stofnaður. Skógrækt ríkisins hefur frá árinu 1964 séð um skóginn, haldið honum við og tryggt aðgengi að honum. Fjöldi annarra tegunda en birki er nú í skóginum, m.a. sitkagreni, lerki og furutré, hlynur, álmur, reynitegundir, askur, þöll og lífvíður. Í skóginum er nú hæsta tré landsins. Það er sitkagrenitré. Þegar það var mælt haustið 2016 var það 27,2 metra hátt.



## Takk fyrir stuðninginn



Við tryggjum hjá Sjóvá



*Þórunn Ólafsdóttir* *Þórunn Ólafsdóttir*



# Tryggjum framtíð okkar nánustu.

Líf- og sjúkdómatrygging kostar minna en þú heldur.

Við veitum ráðgjöf á [sjova.is/lifogsjuk](http://sjova.is/lifogsjuk).



SJÓVÁ

## Mikilvægt að sýna andstæðingum virðingu

**Framkvæmdastjóri Héraðssambandsins Hrafna-Flóka á Vestfjörðum segir foreldra mikilvægar fyrirmyndir fyrir börnin. Þeir verði að kenna börnunum, hrósa þeim fyrir jákvæða hegðun og styðja við þegar verr gengur, innan vallar sem utan.**

Einsdæmi er að sveitarfélög standi á bak við íþróttaskólana. Þau verða að fá hrós fyrir það, að sögn Páls Vilhjálmssonar, framkvæmdastjóra Héraðssambandsins Hrafna-Flóka á Vestfjörðum. „Við erum öfunduð af þessu um allt land, af öllum sem standa í skipulagningu á íþróttastarfsemi,“ segir hann.

Páll hélt ávarp á héraðsþingi sambandsins í apríl þar sem hann ræddi um hlutverk ríkis og bæjar þegar kemur að stuðningi við íþróttir. En hann ræddi líka um hlutverk þjálfara og þjálfunaraðferðir. Hann sagði flest styðja við fjölbreytni í íþróttaiðkun til að minnsta kosti tíu ára aldurs. Kennarar í skólaíþróttum um allt land gegni þar veigamiklu hlutverki.

„Við hér á svæðinu erum með íþróttaskóla fyrir þessi börn fyrir ótrúlega vægt gjald. Börn á yngsta stigi grunnskóla stunda hreyfingu á hverjum virkum degi í fjölgreinafyrirkomulagi. Við eigum að vera stolt af því. Við eigum að tala vel um íþróttaskólann okkar. Það er



Páll Vilhjálmsson, framkvæmdastjóri Héraðssambandsins Hrafna-Flóka.

verðugt að segja frá því hér að um einsdæmi er að ræða að sveitarfélögin standi á bak við íþróttaskólana á svæði sínu. Þau verða að fá hrós fyrir það. Við erum öfunduð af þessu um allt land af öllum sem standa í skipulagningu á íþróttastarfsemi,“ sagði hann og hrósaði þjálfurum og íþróttafélögum á svæðinu.

### Sýnum andstæðingum virðingu

Páll sagði leiðarljósið í íþróttakennslu barna og ungmenna vera að kenna þeim að umgangast alla, líka andstæðinga sína, af virðingu.

„Löndur okkar bjóða hönd til að toga aðra á fætur, alveg sama í hvernig búningi viðkomandi er. Kennum þeim að leggja allt sitt af mörkum, fyrir sig, fyrir félagann og fyrir félagið sitt. Andlegur stuðningur iðkenda í milli er gríðarlega mikilvægur. Hversu gott er ekki að eiga æfingafélaga sem hitar til dæmis upp með þér þó að hann hafi jafnvel lokið keppni sjálfur. Löndur okkar skipta ekki í flokka, það gerir til dæmis ekkert til þó stelpur keppi með strákum eða jafnvel þó einstaklingar séu trans eða á einhvern hátt hinsegin. Löndur okkar eru umburðarlyndir og jákvæðir. Við, sem höldum utan um starfið, þurfum að leiðrétta óæskilega hegðun á jákvæðan hátt eftir fremsta megni. Við eigum alltaf að gera það þó að stundum finnst manni að maður sé að segja hlutina í tuttugasta og fimmta skipti. Þetta verður aldrei ítrekað nógu oft,“ sagði Páll og áréttaði að foreldrar væru fyrirmyndir barna sinna. Þau verði að ræða vel um mótgerja barnanna en hrósa þeim sjálfum fyrir jákvæða hegðun.

„Gleymum ekki hrósinu þegar vel gengur. Börn og ungmenni þrífast að miklu leyti á hrósi. Þösum bara að hrósa fyrir jákvæða hegðun – ekki neikvæða. Höfum líka hugfast að hvatningarorð, þegar allt gengur á afturfótunum, getur gefið ótrúlega mikið.“



# Sameinaðir sjóðir nýtist betur

**„Samþykkt hefur verið að færa þrjá sjóði HSP undir einn hatt. Mikilvægt er að úthlutunarreglur séu skýrar og að sjóðsstjórn rökstyðji ákvörðun sína,“ segir framkvæmdastjóri HSP.**

„Ef fáir sækja í sjóði félaga og héraðssambanda er vel þess virði að breyta sjóðunum. Við vorum með þrjá sjóði sem fáir sóttu í, meðal annars vegna stífra reglna og því safnaðist í þá. Við breyttum þeim í einn sjóð og teljum að þeir nýtist félögum og félagsmönnum betur þannig,“ segir Gunnhildur Hinriksdóttir, framkvæmdastjóri Héraðssambands Þingeyinga (HSP).

Á síðasta þingi HSP, undir lok mars sl., var lögð fram tillaga um að sameina afrekssjóð, aksturssjóð og fræðslusjóð HSP í einn sjóð. Sjóðir HSP hafa verið hálfgerð olnbogabörn innan sambandsins. Ekki hefur verið sótt nægilega í þá eða þá að þær umsóknir sem borist hafa hafa ekki fallið nógu vel undir úthlutunarreglurnar. Sjóðirnir hafa því ekki virkað sem skyldi til að styðja við félög og einstaklinga, starfinu til bóta.

Lítil vilji er til þess innan HSP að sitja á sjóðum sem fáir ef nokkur sækir í. Reyndar var lagt til að sjóðirnir yrðu allir felldir niður í núverandi mynd og þeim skipt milli aðildarfélaga HSP sem myndu greiða úr þeim. Tillagan var felld enda hefði það fyrirkomulag gagnast lítið minni félögum og sérgreinafélögum sem bjóða ekki upp á barna- og unglíngastar.



*Gunnhildur Hinriksdóttir, framkvæmdastjóri Héraðssambands Þingeyinga.*

„Við vonumst til að þetta verði jákvæð breyting, flæðið verði meira og það styrki starfið. Ég er ánægð með tilraunina. En auðvitað verður úthlutun flóknari því að við gerum ráð fyrir fleiri umsóknum en áður,“ segir Gunnhildur. Hún tekur líka fram að engin eiginleg fyrirmynd hafi verið að þessari sameiningu sjóðanna en mikilvægt sé að horfa til nokkurra þátta við sjóðina eigi sátt að nást um úthlutun úr þeim.

„Fyrir þingið skoðaði ég hvernig aðrir fara að þessu og tók það besta úr öllum sjóðum. Þar sá ég margt áhugavert. Mikilvægt er að úthlutunarreglur séu skýrar. Í mörgum tilvikum

þarf sjóðsstjórn ekki að rökstyðja ákvörðun sína um úthlutun. Það er ekki heppilegt og getur valdið óánægju í röðum umsækjenda. Mun vænlegra til sáttar er að birta rökstuðning fyrir því að þessi fái úthlutað styrk en annar ekki,“ segir Gunnhildur og bætir við að það sé þess virði að endurskoða sjóði félaga enda sé það liður í því að styðja betur við félög og iðkendur. Mikilvægt er að stjórnir félaga séu alltaf opnar fyrir því að endurskoða sjóðina.

„Ef við verðum ekki sátt við þetta nýja fyrirkomulag sjóðanna getum við breytt því á næsta þingi,“ segir Gunnhildur hjá HSP.

# VELKOMIN Á GEYSIR GLÍMA VEITINGASTAÐUR

## FERSKT ÚR NÆRSVEITUM

Lögð er áhersla á íslenskt eldhús með fersku hráefni úr nærsveitum plockfisk, fisk, lamb, fiski-, kjöt- og grænmetissúpu, nýsmurðar samlokur daglega, úrval af kökum og dásamlegu kaffi.



## OPIÐ ALLA DAGA VERIÐ VELKOMIN

Þú finnur okkur í Geysir center beint á móti hverasvæði Geysis.



**Geysir Glíma** Haukadalur Iceland

+354 481 3003 [geysirglima@geysirglima.is](mailto:geysirglima@geysirglima.is)

[f](#) [@](#) geysirglima [www.geysirglima.is](http://www.geysirglima.is)



# Klappstýrur hvattar áfram

**Hvatningarverðlaun UMSK voru veitt í fyrsta sinn í vor. Fyrsta liðið til að hljóta verðlaunin var hópur klappstýra frá Litháen. Forsprakki hópsins vonast til að fleiri klappstýrulið líti dagsins ljós enda sé þessi viðbót við körfubolta afar vinsæl um allan heim.**

„Það kom okkur mjög á óvart að fá hvatningarverðlaun UMSK því að það er svo stutt síðan við byrjuðum. En um leið hvetur þetta okkur áfram því að eigum okkur stóra drauma,“ segir leva Prasciu-aite, dansari og stofnandi klappstýruliðs íþróttafélagsins Stál-úlfs í Kópavogi.

Hvatningarverðlaun UMSK geta hlotið aðildarfélag, deildir innan aðildarfélaga eða einstaklingar innan aðildarfélaga UMSK, fyrir eftirtektarverð og framsækin verkefni sem skara fram úr eða fyrir óeigingjarnt starf í þágu samfélagsins. Stjórn UMSK var sammála um að veita klappstýruliði Stál-Úlfs verðlaunin í ár fyrir nýja og skemmtilega viðbót við keppnishald félagsins.

Leva er fædd í Litháen og æfði þar dans frá barnsaldri. Í Litháen dansaði hún um árabíl í klappstýruliði og hafði það að atvinnu. Hún náði langt enda klappstýrudansar mjög vinsælar um allan heim en hafa aldrei náð fótfestu hér. Klappstýrurnar sjá öðru fremur um að halda uppi stemningunni á leikjum og bjóða upp á heilmikla skemmtun. Körfubolti og klappstýrulið eru sérstaklega vinsæl í Litháen. Leva dansaði fyrir körfuknattleiksliði Lietkabelis frá bænum Panevėžys, heimabæ levu, og spilaði í efstu deild í Litháen. Hún hætti dansinum fyrir nokkrum árum þegar hún flutti með kærasta sínum til Noregs. Þaðan komu þau hingað til lands fyrir tveimur árum.

Leva setti klappstýrudansskóna á hilluna í Noregi. Þegar hingað var komið hafði gleðin fyrir dansinum vaknað á ný. Leva fór því að leita upp lýsinga um klappstýrulið á Íslandi. En þar var ekki um auðugan garð að gresja.

„Mér fannst hafa liðið mjög langur tími frá því að ég var að dansa í Litháen og þar til ég flutti til Íslands. Það er svo erfitt að hætta því sem maður elskar að gera. Mig langaði svo mikið til að fara að dansa aftur og fór að leita að klappstýruliðum á Íslandi. Ég fann eitt! Það voru Valkyrjurnar. En gallinn var að þær skemmtu á leikjum íslenska ruðningsliðsins Einherja, sem leikur amerískan fótbolta en ekki körfubolta. Svo voru þær líka að hætta,“ segir leva.

## Allir máttu koma og prófa

Leva lét ekki deigan síga þótt leit hennar að klappstýruhópi hafi ekki borið árangur.

„Í byrjun árs 2020 hafði ég samband við Algirdas Slapikas, stofnanda félagsins, og spurði hvort hann vissi um fleiri klappstýrulið á Íslandi og hvaða mót væru í gangi, af því að ég vissi ekki mikið um íþróttir á Íslandi. Hann var mjög áhugasamur af því að hann þekkir klappstýrudansa og hjálpaði með allt. Hann á ekki síður hlut í hvatningarverðlaununum en við,“ segir leva og heldur áfram:

„Ég ákvað að stofna minn eigin hóp og setti auglýsingu á grúppu Litháa á Íslandi á Facebook. Þar sagðist ég vera að leita að stelpum í hópinn. Aldur var engin fyrirstaða og reynsluleysi ekki heldur. Allar stelpur, sem höfðu áhuga, máttu koma og prófa,“ segir leva.

Þetta skilaði árangri og nú hittast ellefu konur frá Litháen, á aldrinum 20 til 38 ára, 3–4 sinnum í viku til að æfa klappstýrudansa. Leva og sumar aðrar eru lengra komnar, hafa dansað hjá klappstýruliðum í Litháen, æft dans eða fimleika. Aðrar eru með minni reynslu en þær langaði til að taka þátt í skemmtilegri samveru með löndum sínum.

„Þessar listir eru ekki auðveldar og æfingarnar krefjandi. En við leggjum mikið á okkur, sérstaklega þær sem hafa ekki dansað áður. Við leggjum mikið á okkur því að það er svo fallegt og skemmtilegt þegar við komum fram á leikjum Stál-úlfs,“ segir leva.

Hópnum tókst aðeins að koma þrisvar fram áður en allt íþróttastarf var lagt niður í október árið 2020 til að sporna gegn útbreiðslu kórónuveirufaraldursins. Þess vegna hafi þeim ekki tekist að festa sig almennilega í sessi og fólk ekki fengið að sjá þessi skemmtilegu atriði.

Leva segir konurnar í klappstýruhópnum eiga sér stóra drauma og vonar að þeir verði að veruleika þegar íþróttastarf kemst í gang á nýjan leik.





„Við viljum stækka hópinn, höfða til fleiri kvenna frá fleiri löndum og setja saman fjölbjóðlegan klappstýruhóp. En svo eru margir að bíða eftir því að við komum aftur fram – og þá verðum við tilbúnar!“ segir Leva Prasciunaite í klappstýruhópnum.

**A**þingi UMSK sagði Algirdas Slapikas Stál-úlfa heppna og að það hefði verið lán að Leva hafði samband við hann í fyrra því að klappstýruhópurinn sé frábær viðbót við mótahald í körfubolta.

„Það stýttist í að við fáum öll loksins að njóta körfubolta með eðlilegum hætti, með fullum sal af áhorfendum og skemmtiatriðum. Ég er viss um að við munum sjá þær í Dominos-deildinni í framtíðinni,“ sagði hann.



Klappstýruhópurinn á Facebook: @basketballcheerleadersiceland



# Líf og fjör í Ungmennabúðum UMFÍ

**E**itt af stærstu verkefnum UMFÍ er starfsemi Ungmennabúða UMFÍ á Laugarvatni. Búðirnar eru fyrir nemendur í 9. bekk grunnskóla sem dvelja þar við alls konar leiki og óformlegt nám frá mánudegi til föstudags.

Í Ungmennabúðirnar koma um 2.000 nemendur á hverju skólaári. Markmiðið með dvölinni er að styrkja félagsfærni ungmenna og efla vitund þeirra fyrir umhverfi sínu og samfélagi en einnig að kynnst mikilvægi þess að hafa heilbrigðan lífsstíl að leiðarljósi.

Utan skólatíma, þegar engir nemendur eru í ungmennabúðunum, hafa hópar tekið húsnæðið á leigu. Möguleikarnir eru miklir til fundahalda, útiveru og ýmiss konar viðburða. Íþróttasamband fatlaðra hefur verið með búðirnar á leigu um árabíl og boðið þar upp á sumar-búðir. Þar fyrir utan hafa íþróttafélög leigt aðstöðuna fyrir ýmsa viðburði, sumarnámskeið og hópefli. Sumarið 2021 mun til dæmis fyrir-tækið KVAN bjóða upp á sumar-búðir í húsi Ungmennabúðanna á Laugarvatni.

**Í lok hverrar dvalar svara bæði nemendur og kennarar því hvað þeim fannst um dvölinna í ungmennabúðunum.**

**Þetta segja kennarar:**

Starfsfólk hér er frábært!

Frábær námskeið sem leyfa öllum að njóta sín.

Hópeflið, það var falllegt. Frábær andi og góð stemning.

Sundlaugarpartíýð, Laugaleikarnir, litlir sigar hjá nemendum.

**Hvað farið þið með heim?**

Sterkari tengsl við nemendur og nýjar hugmyndir.

Við lærðum að það er hægt að setja mörk, standa við orð sín og láta börn taka afleiðingum.

Förum heim reynslunni ríkari, kynntumst krökkunum á nýjan og skemmtilegan hátt. Betri tengsl við kollega. Og við munum nýta leiki meira í kennslu.







**Þetta segja nemendur:**

- Prófa eitthvað nýtt.
- Lærðum samvinnu.
- Við fengum að kynnst fólki sem við hefðum aldrei kynnst í skólanum.
- Að sleppa símanum og læra um samskipti.
- Kynnst öllum betur, pásu frá símanum og bara allt geggjað.
- Vera með vinum.
- Að byggja upp hópinn og vinna saman.
- Kynnst nýjum krökkum.
- Kynnst nýju fólki, hreyfa sig, komast út úr bænum.
- Að gera skemmtilega upplifun að góðri minningu.
- Fá smáfrí frá símanum, taka pásu í skólanum og kynnst nýju fólki.
- Maður kynnst öðrum og það kennir manni að vera annars staðar en heima.
- Maður kynntist og talaði við krakka sem maður talar ekki oft við.
- Allir náðu að tengja vel við alla.
- Engin raftæki og við tóluðum meira saman.
- Ekki með síma, alltaf eitthvað að gerast.





# Grasrótin setur mark sitt á stefnu UMFÍ



UMFÍ vinnur að stefnumótun fyrir ungmennafélagshreyfinguna næstu árin. Hrönn Pétursdóttir stýrir vinnunni en ný stefna verður kynnt á sambandsþingi UMFÍ í október. Hrönn segir UMFÍ ótrúlega sterkt en flókið félag.

**S**tefnamótun mun setja mark sitt á innra starf UMFÍ fram að sambandsþingi í október nk. Hrönn Pétursdóttir, ráðgjafi í stefnumótun, stýrir stefnumótun UMFÍ. Öllum í ungmennafélagshreyfingunni er boðið að taka virkan þátt í vinnunni, allt frá grasrótinni, sjálfbodaliðum, starfsfólki aðildarfélaga, meðlimum ungmennaráða, framkvæmdastjórum, stjórnarfólki í hreyfingunni og starfsfólki UMFÍ ásamt fleirum. Stefnan nær til UMFÍ á landsvísu og starfsemi héraðssambanda og grasrótarstarfs félaganna þar sem það hentar.

Hrönn fundaði með stjórn og starfsfólki UMFÍ í febrúar og mars um stöðuna, starfsemi og framtíðina. Síðan boðaði hún til funda með sambandsaðilum, ungmennaráði og því næst íþróttahéruðum í hverjum landsfjórðungi.


Fyrsti formlegi stóri stefnumótunarfundurinn fór fram á Hótel Geysi í Haukadal laugardaginn 20. mars. Þangað komu sambandsaðilar UMFÍ, stjórn og starfsfólk ásamt hópi af ungu fólki. Heildarþátttakan var afar góð og fólk átti djúpar og góðar samræður um það hvaða þýðingu hreyfingin hefði fyrir hvern og einn þátttakanda, iðkendur, þjálfara og alla sem tengjast ungmennafélagshreyfingunni með einum eða öðrum hætti.



„UMFÍ er ótrúlega sterkt félag sem er að gera marga flotta hluti. Það er mjög flókið, því að aðildarfélögin eru mjög fjölbreytt. Þarna eru stór og stöndug íþróttafélög með stórar skrifstofur og marga iðkendur. En þarna eru líka smærri félög með enga skrifstofu, enga starfsmenn og minni áherslu á íþróttir. Þetta eru verðmæti en um leið áskorun,“ segir Hrönn Pétursdóttir.

- ➔ **Febrúar/mars:** Fundað með stjórn og starfsfólki um stöðuna, starfsemi og framtíðina.
- ➔ **Mars:** Stefnamót með sambandsaðilum þar sem staða starfsins var rædd og þróun starfseminnar.
- ➔ **Apríl:** Fjórir rafrænar fundir með sambandsaðilum UMFÍ og aðildarfélögum þeirra. Þar voru fyrstu drög að uppfærðri stefnu kynnt þátttakendum. Stjórnendur íþróttahéraða, félaga og deilda tóku virkan þátt í fundunum. Hrönn vann úr umræðunum og lagði niðurstöðuna fyrir stefnumótunarhóp UMFÍ sem vinnur að málinu.
- ➔ **Mai/Júní:** Önnur umferð af svæðafundum þar sem þátttakendur vinna tillögur og hugmyndir að þeim verkum og verkefnum sem farið verði í til að framkvæma stefnuna.
- ➔ **Sumar og haust 2021:** Búin til aðgerðaáætlun.
- ➔ **Október 2021:** Sambandsþing UMFÍ: Lögð fram ný stefna og aðgerðaáætlun.
- ➔ **Eftirfylgni:** Stjórn og þjónustumiðstöð UMFÍ fylgja stefnunni eftir næstu árin..

Í framhaldi af Stefnamóti UMFÍ á Geysi voru haldnir rafrænar landshlutafundir. Niðurstaða fundanna hafði frekari áhrif á stefnumótunina. Hrönn vann úr umræðunni og niðurstöður voru ræddar í stefnumótunarhópi UMFÍ. Stefnt er að öðrum fundum með félögum UMFÍ.





Pétur Hrafn Sigurðsson

## Hagræðing úrslita er mesta ógnin

„Það er ekki spurning um hvort heldur frekar hvenær úrslitum verður hagrætt í íþróttaleikjum á Íslandi. Veltan í veðmálum á íþróttaleiki er orðin gríðarleg og mikið undir. Skipulögð glæpasamtök eru að færa sig yfir í íþróttirnar. Við í íþróttahreyfingunni verðum að vera vel á verði því að margir telja hagræðingu úrslita vera mestu ógn sem steðjar að íþróttahreyfingunni um þessar mundir,“ segir Pétur Hrafn Sigurðsson hjá Íslenskri getspá og Íslenskum getraunum.

Pétur flutti einkar áhugavert erindi á Stefnumóti UMFÍ þar sem fulltrúar nær allra sambandsaðila UMFÍ komu saman á Hótel Geysi. Í erindi Péturs kom fram að veltan á á erlendum veðmálasíðum á íslenska knattspyrnuleiki hefur aukist gríðarlega á síðastliðnum árum og getur hún nú numið 1,5-2 milljörðum króna á dag.

Helsta ástæðan fyrir þessum gríðarlega vexti sagði Pétur þá að íslensk knattspyrna er leikin að sumri til þegar flestar deildir eru í frí og því eru færri viðburðir fyrir tippara til að tippa á. Auk þess er oft leikið á mánudögum hér á landi þegar framboð er lítið af leikjum í öðrum löndum sem eru með sumardeildir þar sem algengast er að leika um helgar.

„Menn halda kannski að fólk í öðrum löndum tippi ekki á íslenska knattspyrnuleiki. En það er fjarri sanni. Þegar ekkert annað er í boði

getur veltan verið þetta mikil,“ sagði Pétur. Þegar veltan er orðin svo mikil eykst rýmið fyrir svikastarfsemi og meiri hættu er á hagræðingu úrslita með einum eða öðrum hætti.

### Komið í veg fyrir svindl

Pétur sagði alla þurfa að leggjast á eitt til að koma í veg fyrir svindl. Íþróttahreyfingin leikur lykilhlutverk með öflugri fræðslu til íþróttafólks, dómara og forystufólks í hreyfingunni. „Það er ánægjulegt að fylgjast með hversu vel íþróttahreyfingin hefur tekið við sér á undanföllum árum og staðið fyrir fræðslu innan vébanda sinna. Því miður er ekki hægt að segja það sama um stjórnvöld. Stjórnvöld hafa ekki fylgt eftir lögum og reglugerðum til að koma í veg fyrir að erlend veðmálafyrirtæki starfi hér á landi sem hafa ekki heimild til þess og sem leggja ekkert til samfélagsins, greiða enga skatta,“ sagði Pétur og bætti við að „stjórnvöld hefðu til þess margvíslega möguleika en því miður hefur ekkert verið gert, þrátt fyrir mikinn þrýsting frá forystusamtökum íþróttahreyfingarinnar UMFÍ og ÍSÍ. Með því að koma í veg fyrir að Íslendingar geti tippað hjá erlendum ólöglegum veðmálafyrirtækjum geta stjórnvöld minnkað stórlega líkurnar á hagræðingu úrslita í íþróttum á Íslandi“.

### Svindl í getraunum

Pétur nefndi nokkrar leiðir sem notaðar eru í svindli í íþróttum og geta leitt til hagræðingar úrslita.

- Stofna til vináttu við leikmenn. Leikmaður vill síður að vinir sínir tapi á leikjum sem þeir hafa veðjað á.
- Freista leikmanna, svo sem að lofa þeim nýjum sínum ef þeir brenna af í víti eða styðja fjárhagslega við fjölskyldur leikmanna.
- Þar sem hægt er að veðja á fjölda innkasta, gul spjöld og atriði sem hafa ekki bein áhrif á úrslit leiksins, eykst freistnivandinn.
- Líð fær fjárstuðning frá fjársterkum einstaklingi.
- Koma með leikmenn/þjálfara inn í liðið, ná árangri fyrst en tapa svo óvænt stórt.
- Mútur til þjálfara eða leikmanna. Um leið og það gerist er viðkomandi fastur í netinu.
- Fyrir nokkrum árum var komið að máli við leikmann í einu af yngri landsliðunum og hann beðinn um að brenna af fyrsta vítinu. Hann varð steinhissa og neitaði.
- Dæmi eru um að fjárhættuspilarar sendi framkvæmdastjórum og formönnum deilda hótanir, tapist leikur þeim í óhag.

# Velkomin á Selfoss



Sveitarfélagið Árborg býður alla velkomna á  
23. Unglingalandsmót UMFÍ á Selfossi 29. júlí til 1. ágúst 2021



Á Selfossi er frábær  
aðstaða þar sem stutt er  
á milli allra keppnisstaða.

Boðið er upp á stórt  
tjaldstæði og fjölbreytta  
afþreyingardagskrá fyrir  
alla fjölskylduna.

## Sjáumst á Selfossi

**HSK**  
1910



Sveitarfélagið  
**ÁRBORG**

**UMFÍ**



# Skipulagt tómskundastarf er forvörn gegn öfgahyggju ungs fólks

**„Ekki er góð leið til árangurs að bæla niður umræðu um öfgahyggju. Þvert á móti er mikilvægt að leggja áherslu á opið samtal á milli ungs fólks, sem aðhyllist öfgafullar hugmyndir og skoðanir eða sýnir samúð með málstað öfga- eða hryðjuverkasamtaka, og jafnaldr þess sem leggja áherslu á mótvægi við slíkar hugmyndir og skoðanir,“ segir Sema Erla Serdar sem vinnur brautryðjandaráttakni á ofbeldisfullri öfgahyggju á Íslandi.**

„Þátttaka í skipulögðu tómskundastarfi er forvörn. Þátttakan getur uppfyllt þá þörf sem unga fólk hefur fyrir að tilheyra hópi og því ætti í allri forvarnarvinnu gegn ofbeldisfullri öfgahyggju ungs fólks að leggja áherslu á þátttöku í tómskundastarfi,“ segir Sema Erla Serdar, framkvæmdastýra Æskulýðsvettvangsins.

Sema tók ásamt öðrum þátt í netráðstefnunni Íslenskar æskulýðsrannsóknir sem fram fór í byrjun apríl sl. Að ráðstefnunni stóðu námsbraut í tómsunda- og félagsmálfræði á menntavísindasviði Háskóla Íslands, Rannsóknarstofa í tómsundafræði, Rannsóknarstofa í bernsku- og æskulýðsfræðum og Æskulýðsráð, ásamt fjölda þátttakenda. Á meðal þeirra voru Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík, og margir fleiri.

## Ungt fólk með öfgaskoðanir

Sema sagði öfgahyggju áhyggjuefni um allan heim og væri hún að sumra mati ein helsta ógn við öryggi, stöðugleika, velmegun þjóða og alþjóðasamfélagið. Hún hefur m.a. vakið athygli á því að ungt fólk í Evrópu hallist nú að öfgahyggju í meiri mæli en áður. Um sé að ræða unglinga og börn allt niður í 13 ára sem séu fædd í Evrópu en hafi farið til Íraks eða Sírylands til að berjast með hryðjuverkasamtökum. Þetta sé þróun sem mikilvægt sé að bregðast við því að öfgahyggja,

sérstaklega ofbeldisfull öfgahyggja, geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir einstaklinga, hópa fólks og samfélagið.

Sema tók fram í erindi sínu að öfgahyggja á Íslandi hafi ekki verið rannsökuð. Það merki þó ekki að vandinn sé ekki til staðar hér á landi og von Sema er sú að framlag hennar verði einungis fyrsta skrefið í að skapa nýja þekkingu og hefja rannsóknir á uppgangi ofbeldisfullrar öfgahyggju í íslensku samfélagi, í þeim tilgangi að þróa verkfæri til þess að koma í veg fyrir að ungt fólk á Íslandi tileinki sér í auknum mæli ofbeldisfulla öfgahyggju.

## Ekki gott að bæla skoðanir

Sema varaði við því að dæma unga fólk, sem aðhyllist öfgahyggju, og útskýfa því. Bæling er ekki leið til árangurs. Þess í stað þurfi að veita fólkinu öruggt rými og sýna því traust til að láta það tjá sig og ræða um skoðanir sínar og hugmyndir.

„Bæling á slíkum skoðunum hjá ungu fólki er aldrei góð leið. Hún ýtir frekar undir öfgarnar og að unga fólk leit á önnur mið með hugmyndir sínar og skoðanir – og þá einmitt til öfga- eða hryðjuverkasamtaka. Þess vegna þarf fólk, sem starfar með ungu fólki, frekar að vera í stakk búíð til að taka þátt í erfiðum og öfgafullum samræðum með það að markmiði að ögra öfgafullum yfirlýsingum og skoðunum unga fólksins með rökum, upplýsingum og gagnrýni á málstað öfgafólks og hryðjuverkasamtaka, en ekki gagnrýni á einstaklinginn sem viðrar slíkar hugmyndir,“ sagði Sema Erla og lagði ríka áherslu á mikilvægi skipulagðs tómskundastarfs.

„Þessi aðferð veitir einstaklingunum tækifæri til að mynda jákvæð félagsleg tengsl við jafningja sína og viðhalda þeim og stuðlar að þróun jákvæðrar sjálfsmyndar og þeirri upplifun að tilheyra hópi þar sem þátttakendur geta lært hver af öðrum, sem kemur í veg fyrir að ungt fólk tileinki sér ofbeldisfulla öfgahyggju,“ sagði Sema Erla að lokum.



# Þátttaka í skipulögðu tómstundastarfi sem forvörn

Sú upplifun að tilheyra hópi er oftar en ekki úrslitaatriði þegar kemur að því hvort ungt fólk tileinki sér ofbeldisfulla öfgahyggju og gangi til liðs við og taki þátt í starfsemi öfga- og hryðjuverkasamtaka.

Þátttaka í skipulögðu tómstundastarfi veitir ungu fólki tækifæri til þess að mynda og viðhalda jákvæðum félagslegum tengslum við jafningja sína og tilheyra hópi þar sem þátttakendur geta lært hver af öðrum, stutt hver annan og jafnvel myndað sambönd byggð á trausti, samvinnu og gagnkvæmri virðingu.

Þátttaka í skipulögðu tómstundastarfi getur því uppfyllt þá þörf sem unga fólkið hefur fyrir að tilheyra hópi og því ætti í allri forvarnavinnu gegn ofbeldisfullri öfgahyggju ungs fólks að leggja áherslu á þátttöku í tómstundum til að koma í veg fyrir að ungt fólk gangi til liðs við öfgahópa eða hryðjuverkasamtök í þeirri leit.

**Æskulýðsvettvangurinn** er samstarfsvettvangur Bandalags íslenskra skáta, KFUM og KFUK á Íslandi, Slysavarnafélagsins Landsbjargar og UMFÍ. Æskulýðsvettvangurinn vinnur að sameiginlegum hagsmunamálum barna og ungmenna í íþrótt- og æskulýðsstarfi og leggur áherslu á að skapa heilbrigðar, uppbyggjandi, vandaðar og öruggar aðstæður í slíku starfi, meðal annars með fræðslu og forvörnum og hefur, svo að dæmi sé tekið, haldið ráðstefnur og námskeið um neteinelti og hatusorðræðu.



Æskulýðs  
vettvangurinn



Takk fyrir stuðninginn



# Hver er stuðningur sveit

Sveitarfélög landsins styrkja íþróttastarf með ýmsu móti. Styrkurinn getur verið beinn styrkur til félaganna, leiga eða aðstoðustyrkur eða beint framlag til viðkomandi íþróttahéraðs, héraðssambands á svæðinu eða sambandsaðila UMFÍ sem greiðir svo starfið niður með einum eða öðrum hætti. Í mörgum tilvikum kemur stuðningurinn til viðbótar við frístundastyrki sem veittir eru í mörgum sveitarfélögum.

Ekki virðist vera samræmi á milli sveitarfélaga, hvort þau greiði frístundastyrki eða niðurgreiði íþróttastarf barna- og ungmenna. Þrátt fyrir að sum sveitarfélög greiði íþróttir, tónlistarnám eða aðra tómsundaiðkun barna ekki beint niður er málum sums staðar þannig fyrir komið að æfingagjöld eru lægri þar en almennt gerist. Einnig ber að benda á að allflest sveitarfélög koma til móts við börn tekjulágra

foreldra, þó að ekki sé um að ræða niðurgreiðslur fyrir öll börn.

Hér má sjá samantekt UMFÍ á fyrirkomulagi stuðnings við íþróttastarf og hvort frístundastyrkir séu greiddir eða annað fyrirkomulag á stuðningi við íþróttastarf. Eftirtektarvert er að aðgengilegustu upplýsingar um stuðninginn má finna þar sem frístundastyrkir eru í boði og þar sem rafrænt utanumhald er fyrir skipulagt íþrótt- og tómsundastarf barna og ungmenna.

## NORÐURLAND VESTRA

Húnaþing vestrá	<b>19.000</b>	6–18 ára
Sveitarfél. Skagafjörður	<b>25.000</b>	6–18 ára
Sveitarfél. Skagaströnd	<b>25.000</b>	6–16 ára
Akrahreppur	<b>25.000</b>	0–18 ára
Blönduós bær	Sveitarfélag styrkir íþróttastarf.	
Húnavatnshreppur	Sveitarfélag styrkir íþróttafélag.	
Skagabyggð	Sveitarfélag styrkir íþróttastarf.	

## VESTFIRÐIR

Bolungarvíkurkaupst.	<b>40.000</b>	0–20 ára
Kaldrananeshreppur	<b>30.000</b>	
Súðavíkurhreppur	<b>25.000</b>	0–18 ára
Árneshreppur	Ekki frístundastyrkur en ýmis verkefni styrkt.	
Reykholahreppur	Tómsundaaívanir.	
Ísafjarðarbær	Sveitarfélag styrkir héraðssamband og íþróttafélag.	
Strandabyggð	Sveitarfélag styrkir íþróttir.	
Tálknafjarðarhreppur	Sveitarfélag styrkir íþróttastarf.	
Vesturbyggð	Sveitarfélag styrkir íþróttafélögin.	

## VESTURLAND

Akraneskaupstaður	<b>35.000</b>	6–17 ára
Borgarbyggð	<b>40.000</b>	6–18 ára
Dalabyggð	<b>20.000</b>	
Hvalfjarðarsveit	<b>70.000</b>	0–18 ára
Snæfellsbær	<b>20.000</b>	5–18 ára
Eyja- og Miklaholtshr.	Sveitarfélag styrkir íþróttafélag.	
Stykkishólmsbær	Sveitarfélag styrkir íþróttafélag.	
Grundarfjarðarbær	Sveitarfélag styrkir íþróttastarf.	
Helgafellssveit	Sveitarfélag styrkir íþróttastarf.	
Skorradalshreppur	Sveitarfélag styrkir ungmennafélagið.	

## HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

Garðabær	<b>50.000</b>	5–18 ára
Hafnarfjörður	<b>54.000</b>	6–18 ára
Kjósarhreppur	<b>30.000/60.000</b>	3–6 ára/6–18 ára
Kópavogsbær	<b>51.500</b>	5–18 ára
Mosfellsbær	<b>52.000/60.000</b>	5–18 ára/fyrir 3. barn o.fl.
Reykjavíkurborg	<b>50.000</b>	6–18 ára
Seltjarnarnesbær	<b>50.000</b>	6–18 ára


Stjórnvöld kynntu síðasta haust til sögunnar sérstaka styrki til tekjulágra fjölskyldna vegna íþrótt- og tómsundastarfs barna. Styrkurinn er veittur vegna barna sem fædd eru á árunum 2005–2014. Hann nemur 45.000 krónum fyrir hvert barn. Styrkurinn hefur verið framlengdur til loka júlí og er hægt að nýta hann til að greiða fyrir sumarnámskeið og æfingar.

## SUÐURNES

Reykjanesbær	<b>40.000</b>	6–16 ára
Suðurnesjabær	<b>35.000</b>	0–18 ára
Sveitarfélagið Vogar	<b>25.000</b>	0–16 ára/67+
Grindavíkurbær	Sveitarfélag styrkir íþróttastarf.	

# tarfélagsins við félagið?


## NORÐURLAND EYSTRA



## AUSTURLAND



## SUÐURLAND





## Mikill kostur að bjóða upp á frístundastyrki og hvatagreiðslur

**V**opnfirðingar tóku upp frístundastyrki á síðasta ári. Verkefnastjóri æskulýðs-, íþrótt- og tómstundamála hjá sveitarfélaginu segir nær alla sem geta nýta sér styrkina. Mun færri nýta sér sérstaka styrki fyrir börn frá tekjulægri fjölskyldum.

„Við tókum upp frístundastyrki hér á Vopnafirði árið 2020. Við erum nýbúin að gera upp síðasta ár og mér sýnist þeir hafa verið vel nýttir,“ segir **Pórhildur Sigurðardóttir**, verkefnastjóri frístunda-, æskulýðs- og fjölmeningarmála á Vopnafirði.

Frístundastyrkur á Vopnafirði er 20.000 krónur á barn. Um 80 börn og ungmenni á aldrinum 6-18 ára eiga rétt á því að nýta sér styrkinn.



Pórhildur segir liggja fyrir að nánast hver einasti þátttakandi á þessum aldri, í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi í sveitarfélaginu, hafi nýtt hann.

Pórhildur kynntist mismunandi styrkjaformi í skipulögðu starfi með börnum þegar hún var í vettvangsnámi í Reykjanesbæ undir handleiðslu Hafþórs Birgissonar, íþrótt- og tómstundafulltrúa bæjarins. Þar eru hvatagreiðslur eins og í mörgum sveitarfélögum en frístundastyrkir í öðrum.

„Hafþór sýndi mér að styrkjaformið getur heitið hvað sem er því að markmiðið er það sama. Ég fór að skoða kosti þeirra frekar eftir áramótin 2018 og sá þá að Vopnafjarðarhreppur var ekki með neinn samþærilegan stuðning. Sveitarstjórnarkosningar voru í maí þetta ár. Ég sendi því fyrirspurn á frambjóðendum allra flokka í sveitarfélaginu og kannaði hvernig þeim litist á að taka upp frístundastyrki. Sumir vissu ekki hvað þetta var og því kynnti ég þetta betur fyrir þeim og kosti þess að taka þá upp hjá sveitarfélaginu,“ segir Pórhildur.

### Mikilvægt að hafa ferlið einfalt

Frístundastyrkir voru, eins og áður sagði, teknir upp í tilraunaskyni í fyrsta sinn á Vopnafirði í fyrra. Pórhildur segir að í fyrstu hafi verið talsverð flækja að ganga frá styrkjnum en nú hefur því verið breytt og ferlið hafi allt verið einfaldað til muna.

„Þetta er tilraun sem skilar afar góðum árangri. Næstum öll börn eru í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi og nýta sér styrkinn. Marga langar til að koma börnum sínum í íþróttir en þeir hafa ekki efni á því. Aðrir vita ekki af styrkjnum, þar á meðal er fólk af erlendum uppruna. Frístundastyrkur og hvatagreiðslur hjálpa til við það. Það er auðvitað alltaf fólk inni á milli sem nýtir sér ekki styrkinn og týnist í kerfinu. Við þurfum þess vegna að minna sífellt á hann,“ segir Pórhildur og bætir við að þar sem sveitarfélagið sé lítið viti hún hverjir eru ekki í skipulögðu starfi og hefur þá samband við foreldra barnanna og kynnir fyrir þeim möguleika frístundastyrksins.

Pórhildur bendir hins vegar á að sérstaki frístundastyrkurinn sé lítið nýttur. Hann þurfi að kynna betur auk þess sem líklega þurfi að sníða af honum vankanta.

„Við höfum auglýst hann mjög vel og nokkrum sinnum á heimasíðu sveitarfélagsins. En of fáir þeirra, sem þyrftu á honum að halda, nýta sér hann,“ segir hún.

Arna Sigríður Albertsdóttir:

# Vil sjá fleiri tækifæri í íþróttum

**„Mikilvægt er að bæta aðgengi að viðburðum og íþróttahúsum svo að fatlaðir geti tekið þátt,“ segir íþróttakona.**

„Lítið er í boði fyrir fatlað fólk sem vill stunda íþróttir og erfitt að nálgast upplýsingar um það sem er í boði. Þess vegna missir íþróttahreyfingin af hópi fatlaðs fólks, fólki sem hefði farið í almenningsíþróttir, líkamsrækt, hjólræiðar eða fleira ef það væri ekki fatlað.“ Þetta segir Arna Sigríður Albertsdóttir, handahjólreiðakona og íþróttafraeðinemi, en hún flutti afar fróðlegt erindi á ráðstefnunni Íþróttir eru fyrir alla sem haldin var í tengslum við Reykjavík International Games í byrjun þessa árs. Að ráðstefnunni stóðu UMFÍ, ÍSÍ og ÍBR ásamt Háskólanum í Reykjavík.

Arna var öflug skíðakona en slasaðist á mænu á æfingu með liði sínu í Noregi árið 2006 og lamaðist fyrir neðan brjóst. Hún varð því að leggja skíðin á hilluna og snúa sér að öðru. En þar var henni vandí á höndum.

## Íþróttir eru hluti af lífinu

„Ég er fædd og uppalin á Ísafirði. Ég leit á íþróttir sem hluta af daglegu lífi og prófaði allar íþróttir sem voru í boði í sveitarfélaginu. Íþróttir snerust fyrir mér um félagslega þáttinn og byggðu upp vinatengsl. Þar sem ég var íþróttakona fyrir slysið hélt ég að það væri ekkert mál að stunda íþróttir fyrir hreyfihamlaða. Í mínu tilviki var það alls ekki þannig. Í fyrsta lagi tók það mig mörg ár að verða sjálfstæð aftur, að læra hluti upp á nýtt sem voru áður sjálfsgæðir, í öðru lagi var það hugar-farið. Þegar maður er 16 ára heldur maður að maður sé ósigrandi.“

Maður heldur að ekkert komi fyrir mann. Það tók mig mjög langan tíma að sætta mig við þetta. Ég var með fordóma gagnvart íþróttum fatlaðra. En þegar ég varð sjálf fötluð sá ég að lítið var í boði fyrir fatlaða á Ísafirði,“ sagði hún og bætti við að helsti þröskuldurinn sé sá að fólk með fötlun sé oft ekki boðið með á íþróttaviðburði sem eru ætlaðir almenningi.

„Fólk, sem skipuleggur þessa íþróttaviðburði, miklar fyrir sér þátttöku fatlaðs fólks og blæs upp vandamálin sem er annars frekar auðvelt að leysa. Þeir sem leysa þau eru fatlaða fólkið sem hefur yfirleitt alla ævi þurft að hugsa í lausnum,“ segir hún og gerir grein fyrir því hversu lélegt aðgengi getur verið fyrir fatlað fólk að íþróttamannvirkjum, íþróttahúsum og líkamsræktarstöðum. Máli sínu til stuðnings vísar hún í byggingarreglugerðir.

„Í byggingarreglugerðum frá árinu 1979 hafa verið skyldur um aðgengi fatlaðs fólks. En við erum enn að smíða áhorfendapalla og líkamsræktarstöðvar þar sem aðgengi er ábótavant,“ sagði hún og bætir við, að til viðbótar við torvelt aðgengi að íþróttum bætist kostnaður við kaup á íþróttatækjum fyrir hreyfihamlaða sem hið opinbera niðurgreiðir ekki nema þau séu ætluð til notkunar í keppni. Þessi tæki séu margfalt dýrari en sambærileg tæki fyrir almenning.

Arna lagði mikið á sig til að finna nýja íþrótt og fann handahjól á netinu sem hún pantaði. Hún hefur eftir þetta náð langt í þeirri grein. En íþróttir fatlaðra eru dýrt sport.

„Reiðhjól fyrir mig kostar eins og bíll fyrir ykkur,“ segir hún og vísar þar í handahjól sem hún notar. Arna hvetur til þess að auðvelda fötl-uðum að stunda íþróttæfingar, bæta aðgengi og fjölga tækifærunum svo að fatlaðir geti verið með eins og ófatlaðir.





## Sumarbúðir KVAN á Laugarvatni 2021

Ógleymanleg reynsla fyrir 10–13 ára krakka sem vilja skemmtun, ævintýri, útivist og uppbyggjandi upplifun í sumar.

Skráning hafin á [kvan.is](http://kvan.is)



**Niðurstöður Ánægjuvogarinnar** eru mjög jákvæðar fyrir skipulagt íþrótt- og æskulyðsstarf. Þar kemur fram að um 90% barna í hverjum árgangi taka þátt í íþróttastarfi með íþróttafélagi á skólaferli sínum. Þeim nemendum, sem eru virkir í skipulögðu íþróttastarfi, líður betur og þeir vinna betur í hópi en aðrir. Einnig kemur fram í niðurstöðum Ánægjuvogarinnar að 61% nemenda í efstu bekkjum grunnskóla æfa með íþróttafélagi einu sinni í viku eða oftar. Meirihluti nemendanna metur andlega og líkamlega heilsu sína góða og er síður lík-

legur til að sýna af sér frávikshæðun og neyta vímuefna. Ánægjuvogin er unnin af Rannsóknunum og greiningu fyrir Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) og Ungmennafélag Íslands (UMFÍ). Rannsóknir og greining hafa lagt spurningalista fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk frá árinu 1992 í rannsókninni Ungt fólk. Í Ánægjuvoginni felst að spurningum tengdum íþróttum og íþróttaiðkun er bætt við spurningalistana. Listarnir voru lagðir fyrir nemendur bekkjanna í febrúar 2020 og var svarhlutfallið 85%.

# Krakkar eiga rétt á því að æfingar séu fjölbreyttar og skemmtilegar

**Sveinn Þorgeirsson hélt í apríl fjölmennan fyrirlestur um íþróttæfingar barna. Hann segir að aðferðir til að þjálfna og ná árangri hjá fullorðnum séu vel þekktar, en varast beri að nota þær á börn.**

Sveinn segir að það sé greinilegt að fólk hafi mikinn áhuga á íþróttþjálfun barna og ungmennta. „Þótt það sé gaman fyrir foreldra að horfa á börn sín standa sig vel í samburði við jafnaldra þeirra þá þarf að hafa í huga að árangur á unga aldri er ekki trygging fyrir því að starfið sé unnið með hagsmuni barnsins til lengri tíma litið. Við þjálfun einstaklingsins þarf ávallt að setja þarfir barnsins í fyrsta sæti,“ segir Sveinn Þorgeirsson, íþróttfræðingur og sérfræðingur við Íþróttfræðideild Háskólans í Reykjavík.

Sveinn var með erindi í netstreymi á þriðjudegisdagsfyrirlestri Háskólans í Reykjavík og Vísis um miðjan apríl. Þar leitaðist hann við að svara spurningunni hvort íþróttir barna séu orðnar að keppni fullorðinna. Fyrirlesturinn vakti mikla athygli og horfðu rúmlega 500 manns á hann í beinni útsendingu. Fleiri hafa horft síðan þá og eru áhorfin nú orðin fast að 3.000 talsins.

Sveinn segir það hafa komið skemmtilega á óvart. Hann hefur haldið mörg erindi í gegnum tíðina, oftast í öðrum af tveimur stóru söluunum í Háskólanum í Reykjavík. Þeir taka 200



*Sveinn Þorgeirsson íþróttfræðingur.*

manns í sæti og ljóst er að Sveinn hefði fyllt þá báða hefði erindið verið haldið á staðnum með aðgengi áheyrenda.

„Þetta er langfjölmennasta erindið sem ég hef verið með. Umræðuefnið dregur að og reglulega kemur ákall um að við í íþróttahreyfingunni ræðum um það hvert við, þjálfarar og foreldrar barna, stefnum með þjálfun barna,“ segir Sveinn og bendir á að hægt sé að grípa til ýmissa ráða til að ná skjóttum sjáanlegum árangri.

## **Auðvelt að grípa til skyndilausna**

„Það er mjög auðvelt að falla í þá freistni að grípa til skyndilausna því að margir vilja sjá árangur eins fljótt og hægt er. En fjölbreytni í þjálfun skilar þvert á móti besta árangrinum, til lengri tíma litið. Árangurinn kemur hægt á meðan sérhæfing og miklar æfingar í einni íþrótt snemma skila árangri fljótt. Það er auðvitað mikilvægt að minna á það öðru hverju. Það eru ekki eins spennandi skilaboð að segja að fjölbreytni skipti máli,“ segir Sveinn og rifjar upp að til sé uppskrift til að koma ungum börnum í fremstu röð. Hún eigi í raun við um alla.

„Galdurinn felst í því að æfa mjög mikið og af miklum ákafa. Þá mun árangurinn auðvitað ekki láta á sér standa og börn, sem má segja að séu byrjendur, sigla fram úr jafnöldrum sínum. En þá er líka mjög hætt við að iðkendur hætti þegar æfingarnar eru orðnar leiðinlegar og of árangursmiðaðar. Þvert á móti eiga krakkar rétt á því að æfingar séu skemmtilegar og fjölbreyttar til að kveikja og viðhalda áhuga þeirra. Það er mikilvægt að íþróttir séu leikur á meðan við erum börn. Sérhæfingin og áherslan á sigur í keppni má koma síðar. Við verðum að standa við það ef við ætlum að halda börnum í íþróttum. Ég trúir því að það sé rétta meðalið,“ segir Sveinn.



# Mikilvægt að vera með metnaðarfulla þjálfara í starfi yngri flokka

**Pálmar Ragnarsson**

**Gleðin er mikilvæg á öllum íþróttaæfingum. Körfuboltaþjálfarinn og fyrirlesarinn Pálmar Ragnarsson svarar nokkrum spurningum um það hvernig þjálfarar geta stutt betur við iðkendur.**

## **Hvernig geta þjálfarar glatt iðkendur sína?**

Þeir geta lagt höfuðáherslu á að taka vel á móti ungmennum þegar þau mæta á æfingar. Passa upp á að börnunum líði eins og þau séu mikilvægur hluti af liðinu og að þau mæti og taki þátt. Þjálfarar geta líka hjálpað ungmennum til að finna og setja sér markmið í íþróttinni sem verður til þess að þau finna meiri tilgang í því að taka þátt og leggja sig fram. Þeir þurfa að vinna reglulega í því að viðhalda áhuga á íþróttinni með því að segja spennandi íþrótta sögur, mæta á leiki eldri flokka og kynna börnin fyrir flottum fyrirmyndum í íþróttinni. Einnig er gott að fá foreldra með sér í lið og taka höndum saman til að koma í veg fyrir brottfall.

## **Hvað geta þjálfarar gert til að fjölga iðkendum?**

Fyrsta upplifun ungmenna af íþróttaæfingum hefur gríðarleg áhrif á framhaldið. Hér skiptir höfuðmáli að skapa þannig umhverfi í íþróttahópum að þar líði börnum vel, þau hlakki til þess að mæta aftur á æfingar og séu hvött til að leggja sig fram. Við þurfum því að taka sérstaklega vel á móti öllum iðkendum, óháð getu og öðru. Við þurfum að leggja línurnar með andrúmsloftið gagnvart nýjum iðkendum, að öllum finnist gaman þegar nýir iðkendur bætast í hópinn, að við hjálpum nýliðum,

skömmum þá ekki og að hin börnin heilsa og bjóði þau velkomin.

Við verðum með sama hætti að taka líka vel á móti nýjum foreldrum, kynna okkur fyrir þeim, láta þá fá allar nauðsynlegar upplýsingar sem þeir gætu mögulega þurft á að halda, leiðbeina þeim með skráningu og segja þeim stuttlega frá áherslum okkar og því að við reynum að taka sérstaklega vel á móti nýjum iðkendum. Ef eitthvað kemur upp á þurfa þeir að vita að þeir geta látið okkur þjálfarana vita af því. Við getum líka spurt foreldra hvort þeir viti um fleiri börn, vini iðkenda, sem hafi áhuga á því að prófa og látið þá vita að þau séu velkomin með á næstu æfingu.

## **Hvernig geta félög / þjálfarar náð betur til iðkenda?**

Með því að leggja metnað í starfið í yngri flokkunum. Að setja reynslu- mikla/metnaðarfulla þjálfara í yngri flokkana. Að hafa aðbúnað í lagi. Að nota ákveðin forrit sem auðvelda samskipti. Að hafa merki félagsins áberandi í öllu starfi. Einnig að nýta meistaraflokka til þess að vera í góðum tengslum við yngri flokka. Að bjóða upp á skemmtilega viðburði annað slagið. Að leggja línurnar þannig að það sé samfella í starfi á milli þjálfara og árganga og margt fleira.

Við Íslendingar erum svo heppnir að við eigum ótrúlega marga frábæra yngri flokka þjálfara í öllum íþróttum. Hér eru svo margir þjálfarar með ótrúlega ástríðu fyrir íþrótt sinni og því að hafa góð áhrif á börn og ungmenni. Kerfið okkar býður líka upp á að greiða hæfum þjálfurum fyrir störf sín sem er frábært. Í mörgum öðrum löndum verða sjálfbóðaliðar eða foreldrar að sjá um þjálfun yngri flokka og það gefur augaleið að árangurinn verður ekki jafngóður.







## Þetta er Pálmar Ragnarsson

Ég er körfuboltaþjálfari hjá Val. Þar þjálfá ég yngstu börnin, 5–7 ára drengi og stúlkur, í tveimur aðskildum hópum. Með mér eru aðstoðarþjálfararnir Tanja og Sunna. Síðastliðinn vetur voru drengirnir um 40 og stúlkurnar um 30. Við leggjum áherslu á að öllum líði vel, óháð getu. Við kennum undirstöðuatriði körfubolta og förum líka á hverri æfingu í skemmtilega leiki. Þar að auki starfa ég við að halda fyrirlestra úti um allt land auk þess sem ég gaf út bókina *Samskipti* fyrir síðustu jól.

## Sumarglaðningur

**Stjórn Íslenskrar getspár samþykkti nýverið að greiða út 200 milljónir króna vegna góðrar afkomu fyrirtækisins.**

Sumarið byrjaði afar vel. Góð afkoma Íslenskrar getspár skilar því að stjórn félagsins hefur ákveðið að greiða aukalega til eignaraðila sinna 200 milljónir króna. Á stjórnarfundum UMFÍ í apríl var svo ákveðið að greiða féð, sem UMFÍ fær, til sambandsaðila.

Þetta er önnur stóra aukagreiðslan frá Íslenskri getspá sem greidd er út á innan við ári. Í fyrrahaust greiddi fyrirtækið eigendum sínum 300 milljónir króna. Það fé sem féll UMFÍ í skaut var greitt út til sambandsaðila UMFÍ. Þar af eru 21 íþróttahérað og 6 ungmennafélög með beina aðild. Alls eru um 450 félög innan UMFÍ, með rúmlega 270 þúsund félagsmenn.

Ljóst er að gríðarlega miklu máli skiptir fyrir íþróttalíf á Íslandi að kaupa lottó og styðja með því móti við íþrótt- og ungmennafélagshreyfinguna um allt land.



# UMFÍ



*Óskum viðskiptarinnar  
og öðrum landsmönnum nær og fjær  
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári  
og þökkum viðskiptin á árinu!*

**PGV**  
FRAMTÍÐARFORM EHF  
PLASTGLUGGAVERKSMÍÐJA

**deceuninck**

**Nova brik**  
INTERNATIONALLY PATENTED BRICK SYSTEM

BÆJARHRAUNI 24, 220 HAFNARFIRÐI - SÝNINGARSALUR  
ÆGISGATA 2A, 240 GRINDAVÍK - VERKSMÍÐJA

**510-9700 | WWW.PGV.IS**

**PVC GLUGGAR OG HURÐIR, PVC RENNUR OG NIÐURFÖLL, PVC PALLAEFNI,  
PVC ÞAKKANTSEFNI, NOVA BRIK UTANHÚSSKLÆÐNINGAR**



Ólafur Þ. Eyjólfsson, formaður Umf. Njarðvíkur, fer yfir skýrslu stjórnar.



Félagar sem heiðraðir voru fyrir frábært starf í þágu félagsins.

# Ekkert kaffi á aðalfundi UMFN

„Við fylgðum öllum sóttvarnareglum, stjórnarmaður stóð við úti-dyrnar og tók niður nöfn og kennitölur fundargesta til að hafa þessar upplýsingar á reiðum höndum ef eitthvað kæmi upp á. Við buðum í fyrsta sinn ekki upp á kaffi heldur innpakkað veganesti og vatn í flöskum sem fólk gat tekið með sér,“ segir Jenný L. Lárusdóttir, framkvæmdastjóri Ungmennafélags Njarðvíkur (UMFN).

Ársþingum og aðalfundum sambandsaðila UMFÍ var mörgum frestað í fyrra og annað fór fram að miklum hluta fram með rafrænum hætti.

Aðalfundur UMFN fór fram 17. mars síðastliðinn. Jenný segir fundinn hafa tekist vel. Grímuskylda var á fundinum, bil á milli gesta og ekki boðið upp á neitt meðlæti sem gat haft sameiginlega snertifleti. Á fundinum var Ólafur Þ. Eyjólfsson endurkjörinn formaður UMFN og var hann sæmdur starfsmerki UMFÍ.

„Allir voru ánægðir, með grímur, og tóku þær aðeins niður ef fólk fór í pontu eða við myndatöku,“ segir Jenný og bætir við að fundurinn hafi gengið afar vel. Hún bendir á að fundargestir hafi ekki verið margir, í kringum tuttugu, og það hafi hjálpað til.

## Nýir formenn og fleira

Ýmsar breytingar urðu á þingum sambandsaðila UMFÍ á þessu ári. Nýir formenn tóku við og gripið var til ýmissa ráða til að halda þingin.

- Ársþing og aðalfundur sambandsaðila UMFÍ fóru fram á fyrstu fjórum mánuðum ársins með talsvert öðru sniði en áður. Flest þeirra fóru fram með fjarfundarbúnaði þar sem hver þingfulltrúi sat við sinn skjá. Þar sem fundir voru haldnir á staðnum var þess vandlega gætt að skipta fundargestum upp í sóttvarnarhólf og að hafa gott pláss á milli fólks.
- Formannsskipti urðu hjá nokkrum sambandsaðilum
  - UMSK** – Guðmundur Sigurbergsson tók við af Valdimari Leó Friðrikssyni.
  - UÍA** – Benedikt Jónsson tók við af Gunnari Gunnarssyni.
  - UMSB** – Sonja Lind Estrajher Eyglóardóttir tók við af Braga Þór Svavarssyni.



Guðmundur Sigurbergsson, stjórnarmaður UMFÍ (t.h.), sæmdi Ólaf Þ. Eyjólfsson, formann Umf. Njarðvíkur, starfsmerki UMFÍ.



Ólafur Thordersen afhenti Guðnýju B. Karlsdóttur Ólafsbikarinn fyrir starf hjá unglingaráði körfuknattleiksdeildar UMFN.

**UMFÍ**



# LANDSMÓT 50+

Borgarnesi 27.-29. ágúst 2021

Ítarlegri upplýsingar og skráning á [umfi.is](http://umfi.is)





# Allir með í Reykjanesbæ

Ungmennafélagsandinn er leiðarljósið í stóru forvarnaverkefni

**U**ngmennafélagsandinn umlykur verkefnið **Allir með** sem hefur verið unnið að í Reykjanesbæ frá því árið 2020. Að verkefninu koma Keflavík, íþrótt- og ungmennafélag, og Ungmennafélag Njarðvíkur. Uppskeruhátíð verkefnisins var haldin í mars sl. Þá var þeim sem tengjast verkefninu boðið að fræðast um stöðu þess og því sem fram undan væri. Á meðal þeirra sem mættu voru forsvarsfólk UMFÍ og sambandsaðilanna beggja sem koma að innleiðingu Allir með í Reykjanesbæ, styrktaraðilar verkefnisins, hugmyndasmiðir og fleiri.



Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, verkefnastjóri fjölmeningarmála í Reykjanesbæ.

Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, verkefnastjóri fjölmeningarmála í Reykjanesbæ, segir að ungmennafélagin í bænum leiði starfið þar. Þau hafi útbúið kynningarefni um það skipulagða tómstunda- og æskulýðsstarf barna og ungmenna sem íþróttafélagin bjóða upp á, í samstarfi við markaðsfyrirtækið Alpa Agency. Hlutverk UMFÍ felst m.a. í því að kosta þjálfun, fræðslu og menntun þjálfara innan aðildarfélaga Umf. Njarðvíkur og Keflavíkur, íþrótt- og ungmennafélags, í tengslum við verkefnið, ásamt ráðgjafarfyrirtækinu KVAN. Á meðal annarra stuðningsaðila eru embætti landlæknis og félagsmálaráðuneytið.

Hilma kynnti verkefnið og sagði að lykilhlutverk þess væru tvö. Hið fyrra væri þátttöku og í því fælist að laða börn til þess að taka þátt í skipulögðu íþrótt-, tómstunda- og æskulýðsstarfi. Megináhersla, hvað það varðar, væri að stuðla að jöfnum tækifærum allra til þátttöku.

„Við leggjum sérstaka áherslu á að ná til barna af erlendum uppruna og til barna sem taka ekki nú þegar þátt í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi. Við trúum því að þarna skipti hin félagslega virkni öllu máli,“ sagði Hilma og benti á að margir íbúar í Reykjanesbæ hafi fengið fræðslu um verkefnið. Fleiri slík erindi séu á dagskrá á næstunni. Þá sé búið að taka saman ýmiss konar tölfraeðiupplýsingar um nýtingu styrkja í barnastarfi, þátttöku barna í skipulögðu starfi og kostnað við þátttöku þeirra.

Hitt lykilhlutverk verkefnisins væri að koma því til skila að tilheyra umhverfi sínu, að finna að við séum hluti af hópi. Þegar að því kemur fá allir kennarar á miðstigi stuðning í félagsfærnistyrkingu, tvær 90 mínútna vinnustofur. Ein vinnustofa hefur þegar verið haldin.

Hilma sagði margt fram undan, þar á meðal skipulagning stórrar tómstundadassu í lok ágúst þar sem allt tómstundastarf í sveitarfélaginu verður kynnt.

# Það þarf heilt þorp til að ala upp barn

**A**llir með! miðar að því að styrkja og styðja þorpið sem kemur að því að ala upp börnin sem þar búa. Velliðan íbúa skiptir þar höfuðmáli og er unnið að því að auka lífsgæði og jákvæð samskipti með markvissum hætti.



Jákvætt viðmót á að vera ráðandi í öllu starfi með börnum. Með það fyrir augum eru haldin hagnýt námskeið til þess að styrkja jákvæð samskipti og stuðla að félagslegri velliðan barna, fyrir umsjónarkennara 5., 6. og 7. bekkjar í öllum sjö grunnskólum Reykjanesbæjar, kennara nemenda með annað móðurmál en íslensku, forstöðumenn frístundaheimila fyrir nemendur í 1. til 4. bekk og lykilþjálfara aðildarfélag UMFÍ. Að auki verða haldnar vinnustofur ætlaðar öllum þeim sem starfa með grunnskólabörnum í Reykjanesbæ, hvort sem þeir starfa hjá sveitarfélaginu eða ekki.

Ungmennafélagin tvö í Reykjanesbæ, Keflavík og UMFN, hafa yfirumsjón með verkefnastjórn, tölfræðiupplýsingum og kynningu á íþrótt- og tómstundastarfi.

KVAN er fyrirtæki sem hefur sérhæft sig í að styðja fólk til að ná að virkja þann kraft sem í því býr og auðvelda því að færa sér í nyt þá



Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar.



Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra.

eðlisþætti sína sem gefa því mestan styrk. KVAN hefur unnið mikið með vináttuþjálfun barna og hefur lagt áherslu á mikilvægi þess að falla inn í samfélagið. KVAN mun sjá um fræðslu og menntun allra sem koma að barnastarfi í Reykjanesbæ.

## Verkefnið í tölum

- Reykjanesbær hefur breytt greiðslufyrirkomulagi á hvatagreiðslum frá áramótum 2020/2021. Nú fara greiðslurnar beint til íþróttafélaganna eða tómstundahreyfingarinnar og lækka þá greiðslur foreldra sem þeim nemur. Við það ætti nýting hvatagreiðslna að aukast til muna.
- Til þess að skoða virkni barna í Reykjanesbæ enn frekar hafa verið teknar saman tölulegar upplýsingar um þátttöku í barnastarfi í sveitarfélaginu út frá aldri og kyni. Í þeim tölum eru sum börn talin oftast en einu sinni, þ.e. þau sem taka þátt í fleirum en einu tómstundaverkefni. Þjálfarar og leiðtogar í barnastarfi voru fengnir til þess að greina þátttökuhóp sinn út frá aldri og uppruna. Óskað var eftir upplýsingum um þá sem áttu foreldra sem væru innflytjendur og hefðu fæðst erlendis, eftir því sem þjálfarar og leiðtogar best vissu. Það var því ekki óskað eftir ríkisfangi barna.
- Reykjanesbær hefur greint kostnað við hverja íþrótt- og tómstundagrein fyrir börn í sveitarfélaginu. Sums staðar eru engin þátttökugjöld og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.
- Reykjanesbær mun halda áfram að greina tölulegar upplýsingar um þátttöku barna og er gert ráð fyrir gagnasófnun sem þessari ár hvert framvegis, í febrúar og október.



Regnbogaraddir Keflavíkurkirkju sungu á uppskeruhátíð Allir með.

**3.214** börn  
á aldrinum 6 til 18 ára  
voru í Reykjanesbæ í byrjun árs 2021

**13%** barnanna  
eru með erlent ríkisfang

**430** börn  
í Reykjanesbæ  
eru með erlent ríkisfang.

**2.760** börn  
af erlendum uppruna í Reykjanesbæ  
tóku þátt í skipulögðu starfi í bænum  
í nóvember 2020.  
**8%** þeirra  
voru af erlendum uppruna.

**1.751** börn  
fengu hvatagreiðslur vegna þátttöku  
á viðurkenndu íþrótt-, tómstunda-  
og listgreinastarfi í lok árs 2020

**54%**  
nýtingin er wá hvatagreiðslunum. Af  
þeim höfðu **189** börn erlent ríkisfang  
sem þýðir að nýting meðal foreldra barna  
af erlendum uppruna barna var um **44%**.



# Má birta gömlu myndirnar?

**UMFÍ berast öðru hverju vangaveltur frá stjórnendum, sjálfboðaliðum og iðkendum íþróttafélaga þar sem spurt er hvað sé leyfilegt, svo sem í tengslum við núgildandi reglur um persónuvernd.**

## Spurt er:

*Má birta gamlar myndir af þátttakendum á löngu liðnum viðburðum íþróttafélags á heimasíðu, Facebook, Instagram-reikningi og öðrum samfélagsmiðlum viðkomandi félags? Er slíkt leyfilegt eða eru einhverjar lagalegar kvaðir á slíkum birtingum?*

## Svar Persónuverndar:

Öll vinnsla persónuupplýsinga, m.a. birting, þarf að byggjast á heimild í persónuverndarlögum, en nánari upplýsingar um vinnsluheimildir er að finna á vef Persónuverndar. Markmið laga um persónuvernd er að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs.

Almennt má segja að hægt sé að skipta birtingu myndefnis í tvo flokka. Annars vegar birtingu þjóðlífs- og hversdagsmynda, með almenna skírskotun, til dæmis af opinberum hátíðarhöldum eða af hópi áhorfenda á íþróttaleik, og hins vegar birtingu mynda þar sem einstaklingurinn er aðalmyndefnið. Í fyrra tilvikinu er lítið svo á að ekki þurfi endilega samþykki viðkomandi einstaklinga fyrir myndbirtingunni en það sé alla jafna skilyrði í síðara tilvikinu, þegar þeir eru aðalafni myndarinnar. Svigrúm til birtingar á myndefni þrengist síðan til muna ef um er að ræða birtingu sem sýnir aðstæður sem geta talist með einhverjum hætti viðkvæmar eða ef birtingin getur talist meiðandi. Á það við hvort heldur sem um ræðir fyrrnefndar myndir með almenna skírskotun eða myndir af tilteknum einstaklingum.

Ábyrgðaraðili vinnslu, þ.e. sá sem vinnur með persónuupplýsingar (hér íþróttafélagið), metur hvort birting byggir á lögmætum hagsmunum, samþykki eða öðrum heimildum og skilyrðum sem persónuverndarlögin setja og ber ábyrgð á því að vinnslan samrýmist kröfum persónuverndarlaga.

Einnig ber ábyrgðaraðila að tryggja öryggi þeirra persónuupplýsinga sem hann vinnur með.

Hafa ber í huga að öryggi mynda á Netinu, þar með talið á samfélagsmiðlum, verður aldrei fulltryggt. Sá möguleiki er alltaf fyrir hendi að myndum eða umfjöllun verði dreift, jafnvel af lokuðum síðum. Þess utan er ávallt verið að deila efninu með þeim miðli sem upplýsingarnar eru birtar á. Þeir sem nota samfélagsmiðla og smáforrit hafa því sjaldnast fulla stjórn á því efni sem þar er sett inn. Facebook vinnur t.a.m. með persónuupplýsingar og hefur Persónuvernd bent á að heppilegra kunni að vera að nota frekar vefsíður sem vistaðar eru á EES-svæðinu.

Þá skal þess getið að einstaklingar eiga í ákveðnum tilvikum rétt á að ábyrgðaraðili eyði persónuupplýsingum er hann varða án ótilhlýðlegrar tafar. Frekari upplýsingar um rétt einstaklinga til leiðréttingar og eyðingar persónuupplýsinga er að finna á vef Persónuverndar.

Loks er bent á að þeir sem málið varðar og telja umrædda vinnslu íþróttafélagsins ekki samrýmast lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga geta sent Persónuvernd formlega kvörtun.

Tekið skal fram að í svari við almennri fyrirspurn tekur Persónuvernd ekki bindandi afstöðu til þess hvort farið hafi verið að lögum í tilteknu tilviki. Óskir þú frekari upplýsinga er velkomið að hafa samband aftur, en símatími lögfræðinga er á þriðjudögum og fimmtudögum milli kl. 10–12.



Ítarlegar upplýsingar um vinnsluheimildir á vef Persónuverndar.



Ítarlegar upplýsingar Persónuverndar um myndbirtingar á netinu.



Nánari fræðsla um meðferð persónuupplýsinga á samfélagsmiðlum.

# ÞJÓNUSTA ALLA LEIÐ



## Við tökum vel á móti þér

Hvert sem leiðin liggur þá getur þú treyst á okkur á N1. Við tökum á móti þér með bros á vör, hvort sem þú ert að koma þér í gang í morgunsárið eða þarft að staldra við á langri leið. Merkið okkar stendur fyrir metnaðarfulla þjónustu fyrir þig og bílinn þinn allan hringinn – jafnvel allan sólarhringinn!

440 1000 n1.is



Takk fyrir stuðninginn



# Takk fyrir stuðninginn

Akrahreppur ALARK arkitektar ehf. Alma verk ehf. Alþríf ehf. AMP ehf. Arttré ehf. Auðhumla sf. Auglýsingastofan ENNEMM AP þríf ehf.	Brunavarnir Árnæssýslu Byko  Dignus ehf. DMM lausnir ehf. Dynkur ehf.  Egersund Ísland Einingaverksmiðjan ehf. Eldstöðir ehf. Eldvarnarpjónustan Endurskoðun Vestfjarða Eyjafjarðarsveit	Hafgæði sf. Hagi ehf. Hárhúsið ehf. Hekla hf. Héraðsprent Höfðakaffi ehf. Hótel Norðfjörður Hrunamannahreppur Huginn ehf. Hvalur hf. Hvammur/ Eignamiðlun ehf.	Lagsmaður ehf. Landssamband Lögreglumanna Léttitækni Listamenn–Inrómmun ehf. LK pípulagnir Loðnurvinnslan hf.	Rjómabúið Erpsstöðum Röðasteinn ehf.  S.I.H. pípulagnir Sæplast ehf. Samhentir Umbúðalausnir Samtals ehf. Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja Sendibílar Reykjavíkur SG hús Siglóspport Sigurgeir G. Jóhannsson ehf. Síldarvinnslan Síma- og tölvulagnir ehf. Skólaskrifstofa Austurlands Skólphreinsun Ásgeirs Skorri ehf. Skotveiðifélag Reykjavíkur Skrifstofuþjónusta Austurlands Sparisjóður Austurlands Sportvörur SS byggir (Tak innréttingar) Stáliðjan Starfsmannafélag Vest- mannaeyja Steinsteyptir ehf Stíghús ehf. Stjá Sjúkraþjálfun ehf. Stjórnendafélag Austurlands Strendingur ehf. Stykkishólmsbær Súðavíkurhreppur Suðulist Sundlaugin á Blönduósi Svalþúfa Sveitarfélagið Hornafjörður	Sveitarfélagið Ölfus Sveitarfélagið Múlaþing  Tannlæknafélag Íslands TBI ehf./Skalli Tern Systems ehf. THG arkitektar Tjörneshreppur Trackwell Trésmiðjan Akur ehf. Trésmiðjan Stígandi Trévangur Trivium Ráðgjöf TSA ehf. Túnþökupjónustan  UMÍS Umhverfisráðgjöf  Varma- og vélaverk ehf. Vegamót Bildudal Veitingastaðurinn Húsið Vélaverkstæðið Þór ehf. Verbúðin 66 Verkfæðistofa Suðurnesja Verkhönnun ehf. Verkvík Verzlunin Álfheimar Við og við sf. Viðhald og nýsmið ehf. Vikurrós Vilko ehf. Vökvæðistofa Kópaskers VR  Þ.S. verktakar Þekking hf. Þjónustustofan ehf.  Ökuland ehf. Öryggisgirðingar
ÁF-hús ehf. Áman Ásbjörn Ólafsson ehf. Ásprent Stíll prentsmiðja Átak ehf.	Ég og Jói ehf.  F&F kort ehf. Fagverk verktakar ehf. Faxaflóahafnir Félag skipstjórnarmanna Fiskvinnslan Drangur Fjarðaveitingar ehf. Fúsi-Tom ehf.  Galleri Ozone Garðarshólmi Garðsapótek Gasfélagið Gastec GG lagnir ehf. Gluggaíðjan Ölfusi ehf. Gluggatækni ehf. Godði ehf. Grindavíkurbær Grindin ehf. Grísinn ehf. Grófargil ehf. Guðmundur Þórðarson - Iögmaður Gunnar Eggertsson hf.	Inít Innlifun ehf. Insnic-Internet á Íslandi  Ís og ævintýri ehf. Ísblikk Ísrost ehf. Ísfugl Íslands Apótek Íþróttamiðstöðin Fjallabyggð  Jarðmenn ehf. JE Skjanni ehf. Jóhann Helgi og Co. Jóhann Ólafsson & Co. Jónar Transport ehf.  KHG þjónusta Kjósarhreppur KK kranabíll KOM ehf. Krafta og afl Krappi ehf. Króm og Hvítt ehf. KÞ verktakar ehf.	Nanna ehf. Nesraf ehf. Nonni Gull  OG slf  ÓS ehf. Ósal ehf. Óskimar þrjár  Pylsuvagninn Selfossi  Ráðgjöf og lausnir ehf. Ræktunarsamband Flóa og Skeiða Rafey ehf. Rafeyri ehf. Rafverkstæði I.B. ehf. Ragnar og Ásgeir ehf. Rennilist ehf. Rennsli ehf. Reykhólahreppur Reykjavík Reykjavík foto ehf.	Nanna ehf. Nesraf ehf. Nonni Gull  OG slf  ÓS ehf. Ósal ehf. Óskimar þrjár  Pylsuvagninn Selfossi  Ráðgjöf og lausnir ehf. Ræktunarsamband Flóa og Skeiða Rafey ehf. Rafeyri ehf. Rafverkstæði I.B. ehf. Ragnar og Ásgeir ehf. Rennilist ehf. Rennsli ehf. Reykhólahreppur Reykjavík Reykjavík foto ehf.	Sveitarfélagið Ölfus Sveitarfélagið Múlaþing  Tannlæknafélag Íslands TBI ehf./Skalli Tern Systems ehf. THG arkitektar Tjörneshreppur Trackwell Trésmiðjan Akur ehf. Trésmiðjan Stígandi Trévangur Trivium Ráðgjöf TSA ehf. Túnþökupjónustan  UMÍS Umhverfisráðgjöf  Varma- og vélaverk ehf. Vegamót Bildudal Veitingastaðurinn Húsið Vélaverkstæðið Þór ehf. Verbúðin 66 Verkfæðistofa Suðurnesja Verkhönnun ehf. Verkvík Verzlunin Álfheimar Við og við sf. Viðhald og nýsmið ehf. Vikurrós Vilko ehf. Vökvæðistofa Kópaskers VR  Þ.S. verktakar Þekking hf. Þjónustustofan ehf.  Ökuland ehf. Öryggisgirðingar

# Takk fyrir stuðninginn





# Leiksýningar og söngleikir fjármagna íþróttastarfið

**Formaður Íþróttafélagsins Höfrungs á Þingeyri hefur nýtt Covid-faraldurinn til að ráðast í heilmiklar endurbætur á útivistarsvæðinu í bænum og endurnýja félagsheimilið.**

„Það er búið að vera geggjað að gera. Ég hef aldrei haft meira að gera en nú eftir að íþróttamiðstöðin lokaði vegna COVID. En það er alltaf gaman,“ segir Sigmundur Þórðarson, formaður Íþróttafélagsins Höfrungs á Þingeyri. Höfrungur er aðildarfélag Héraðssambands Vestfirðinga (HSV).

Sigmundur segir að síðan fyrsta bylgja Covid-faraldursins skall á heimsbyggðinni hafi verið nóg að gera á Þingeyri. Hann og félagsfólk í Höfrungi hafi lokið við að byggja upp gríðarlega flott útivistarsvæði með sviði, bekkjum, grillaðstöðu, steipt undir pannavöll, sett undir hann gúmmimottur og margt fleira. Framkvæmdirnar voru meðal annars fjármagnaðar með styrkjum úr Umhverfissjóði UMFÍ auk þess sem Höfrungur tók þátt í stórrí pöntun af pannavöllum sem UMFÍ skipulagði.

Framkvæmdir hjá Íþróttafélaginu Höfrungi eru að stórum hluta fjármagnaðar með sölu á hvers konar varningi. Sem dæmi um það er sala á uppskeru Arctic Fish á laxatvennu, reyktum og gröfnum eldislaxi, fyrir jólin.

Helsta tekjulind Höfrungs er hins vegar afrakstur af leiksýningum Höfrungs á Þingeyri, sem er deild innan íþróttafélagsins.

„Við gerum í raun allt til að afla íþróttafélaginu fjár. Við setjum yfirleitt upp leikrit á hverju ári. Við gerum það á vandaðan hátt, höfum ráðið Elfar Loga Hannesson hjá Kómedíuleikhúsinu til að leikstýra og gefum út afar vandaðar leikskrár. Mikill fjöldi gesta kemur að jafnaði á sýningararnar okkar,“ segir Sigmundur.

Á meðal sýninganna er söngleikurinn Dísá ljósálfur, sem byggður er á samnefndri bók sem margir þekkja. Elfar leikstýrði. Jón Gunnar Biering samdi tónlist og Hildur Inga Rúnarsdóttir samdi söngtexta. Fjölmargir komu að sýningunni, söngvarar, smiðir, saumafólk, förðunar-fólk og aðrir sem lögðu hönd á plóg fyrir leikfélagið.

Á meðan allt var lokað í Covid-faraldrinum nýttu formaður íþróttafélagsins og íbúar á Þingeyri tímann til að lagfæra félagsheimilið, setja upp nýtt ljósaborð, reykvél og margt fleira.

## Mikið í boði í sumar

Sumardagskráin á Þingeyri er afar álitleg og fjölbreytt. HSV mun nýta knattspyrnuvöll Höfrungs, sem er grasvöllur.

„Það er æðisleg íþróttaaðstaða hér á Þingeyri. Við stefnum á íþróttar og leikjanámskeið strax í júní þegar grunnskólanum lýkur. Þetta verða nokkur tveggja vikna námskeið, haldin fram í júlí. Fyrstu helgina í júlí



Strandblak við íþróttahúsið á Þingeyri.



Þingeyringar með Mola (Siguróla Kristjánssyni) þegar hann kynnti pannafótbolta í bænum. Moli er lengst til hægri á myndinni.

verður svo Íslandsmótið í strandblaki haldið eins og fyrri ár. Þriðju helgina í júlí verður hlaupahátíð frá fimmtudegi til sunnudags sem Höfrungur stendur að með öðrum. Viðburðir verða í tvo daga á Þingeyri og þar verða meðal annars 55 km fjallahjólreiðar.

„Það er búið að vera geggjað að gera og verður áfram í sumar. En þannig á það að vera,“ segir Sigmundur að lokum.

**Íþróttafélagið Höfrungur á Þingeyri** er meðal elstu ungmennafélaga landsins og eitt þeirra elstu sem nú starfa. Félagið var stofnað árið 1904 og fagnar því 120 ára afmæli árið 2024. Þó er talið að félagið sé í raun enn eldra því að íþróttastarf hófst á Þingeyri árið 1885 þegar danskur beykir, Anders Bøken, stóð í fyrsta sinn fyrir skipulögðum íþróttæfingum í bænum.

Eins og sjá má er Höfrungur talsvert meira en íþróttafélagið. Félagið er stór hluti af félagslífi Dýrfirðinga. Það rekur íþróttastarf bæjarins, stendur fyrir skógrækt og kemur að hátíðum og verkefnum með ýmsum hætti. Nefna má brennu á þrettándanum, söngvakeppni og hátíðarhald á 17. júní.



Á körfuboltaleik í íþróttahúsinu á Þingeyri.

# Covid-19

## Áhrifin frá seinni hluta árs 2020 til vors

Kórónuveirufaraldurinn hefur nú sett mark sitt á allt íþróttastarf í meira en ár. Í fyrrihaust lá allt íþróttastarf meira eða minna niðri. Eftir áramótin fór baráttan gegn Covid-veirunni að léttast. Við höfum birt tímalínur yfir þróun veirunnar frá upphafi síðasta árs í síðustu tölublöðum. Nú höldum við áfram með þróun mála frá í nóvember 2020.

**18. nóv 2020**

Íþrótt-, æskulýðs- og tómskundastarf barna í leik- og grunnskólum heimilt á ný bæði inni og úti. Slakað á grímskyldu yngstu barna og kennara þeirra. Sundlaugar enn lokaðar og íþróttir fullorðinna liggja enn niðri. Opnað fyrir umsóknir á sérstökum íþrótt- og tómskundastyrkjum fyrir börn frá tekjulágum heimilum.

**1. des 2020**

Engar breytingar gerðar á samkomutakmörkunum. Íþróttastarf barna enn heimilt úti og inni.

Frumvarpi um stuðning við launakostnað íþróttafélaga útbýtt á Alþingi.

**2. des 2020**

**10. des 2020**

Afreksíþróttafólk og iðkendur í efstu deildum sér sambanda ISI fá að æfa með og án snertingar. Ungmenni fá enn ekki að æfa.

Stjórn Íslenskra getrauna ákveður að úthluta 50,3 milljónum króna til afreksdeilda í knattspyrnu, körfuknattleik og handknattleik. Að auki er ákveðið að úthluta 10 milljónum til söluhæstu félaganna.

**15. des 2020**

**18. des 2020**

Frumvarp til laga um greiðslur til íþróttafélaga vegna launakostnaðar og verktakgreiðslna vegna Covid-faraldursins samþykkt á Alþingi.

Íþróttæfingar og annað starf barna og fullorðinna heimilað að nýju með og án snertingar, að uppfylltum skilyrðum. Leyft að keppa í íþróttum án áhorfenda.

**13. jan 2021**

**15. jan 2021**

Félagsmálaráðuneytið kynnir myndbönd á fjölmörgum tungumálum til þess að vekja athygli á sérstökum íþrótt- og tómskundastyrkjum fyrir börn sem búa á tekjulægri heimilum.

Stjórnvöld tilkynna að þau ætli að úthluta 50 milljónum króna til sértækra aðgerða til að styðja við starf æskulýðsfélaga sem raskast hefur verulega vegna afleiðinga sóttvarnaráðstafana.

**18. jan 2021**

**21. jan 2021**

Stjórn HSK greiðir aðildarfélagum sínum og sérráðum ákveðna aukagreiðslu í ljósi góðrar fjárhagsafkomu sambandsins, vegna þeirra aðstæðna sem eru í samfélaginu vegna Covid-19. Upphæðin nemur 2,2 milljónum króna eða sem nemur öllum hagnaði HSK árið 2020.

Vinnuálagstofnun opnar fyrir umsóknir vegna endurgreiðslu launakostnaðar og verktakgreiðslna á tímum Covid-faraldursins.

**29. jan 2021**

**16. feb 2021**

Stjórn UMFÍ tilkynnir að sá frestur sem sambandsaðilar hafa til þess að nýta og sækja styrki, sem sjóðsstjórnir fræðslu- og verkfnasjóðs og umhverfissjóðs hafa úthlutað, verði framlengdur um eitt ár. Alla jafna hafa styrkhafar 12 mánuði til að sækja um styrkina.

Áhorfendur eru aftur leyfðir á íþróttaviðburðum, í fyrsta sinn frá því í október 2020.

**23. feb 2021**

Frestur til að sækja um sérstakan styrk fyrir börn frá tekjulágum heimilum, sem eiga rétt á sérstökum íþrótt- og tómskundastyrk á skólaárinu 2020–2021, er framlengdur til 15. apríl 2021.

**1. mars 2021**

**24. mar 2021**

Stjórnvöld kynna hertar aðgerðir vegna útbreiðslu breska afbrigðis kórónuveirunnar. Allt íþróttastarf inni og úti fellur niður á landsvísi til 15. apríl 2021. Um er að ræða sömu aðgerðir og tóku gildi 31. október 2020.

Stjórnvöld kynna aðgerðir til að fjölga atvinnutækifærum atvinnuleitenda og námsmanna sumarið 2021. Verkefnið er eins og klæðskerasniðið fyrir starfsemi íþróttafélaga og annarra frjálsra félagasamtaka.

**13. apr 2021**

**15. apr 2021**

Allt íþróttastarf kemst í gang að nýju með ákveðnum takmörkunum. Fjöldatakmörkanir fara í 10 í 20. Nálægðarmörk stytt úr 2 metrum í 1 metra í skólum.

**16. oapr 2021**

UMFÍ tilkynnir að Landsmót UMFÍ 50+ fari fram í Borgarnesi dagana 27.–29. ágúst 2021.



## Fræðslufundir tengja félögin betur saman

**Að mati Thelmu Knútsdóttur hjá UMSS er gott að fá forsvarsfólk íþróttafélaga saman á einn stað og tengja það betur saman. Það eykur samvinnu og auðveldar upplýsingagjöf.**

„Forsvarsfólk aðildarfélaga UMSS hefur oft haft samband við okkur en áður, eftir að við fórum að bjóða upp á fræðslufundi. Þar að auki hittist fólk og fær tóm til að setjast niður, ræða málin og fara aftur heim með hugmyndir fyrir félög sín,“ segir Thelma Knútsdóttir, framkvæmdastjóri Ungmennasambands Skagafjarðar (UMSS).

UMSS hefur haldið tvisvar sinnum fræðsludag fyrir forsvarsfólk aðildarfélaga og stefndi á að halda fund síðastliðið haust. UMFÍ hefur styrkt fræðsludaginn í gegnum fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ. Covid-far-

aldurinn olli því hins vegar að fella þurfti fundinn niður. Þess í stað er stefnt á fræðslufund UMSS í lok maí eða snemma í júní. Stefnt er á að bjóða til fundarins iðkendum, þjálfurum og stjórnendum félaganna í Skagafirði til að hlusta á 2–3 erindi og deila hugmyndum sín á milli.

„Fólki finnst þetta mjög gott, sérstaklega að hittast á öðrum vettvangi en það er vant og fá fræðslu um tiltekin efni, svo sem um það sem héraðssambönd geta gert fyrir aðildarfélögin,“ segir Thelma. Eftir fundina hefur forsvarsfólk aðildarfélaga UMSS haldið sambandi áfram.

„Á fræðslufundunum hafa gestir áttað sig á að við getum aðstoðað þau,“ bætir Thelma við.

### Hefurðu sótt um styrk í sjóð UMFÍ?

Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ hefur þann tilgang að styrkja félags- og íþróttastarf innan ungmennafélagshreyfingarinnar, m.a. með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, í þjálfun, í félagsmálum og félagsstarfi.

Rétt til styrkveitingar úr sjóðnum eiga allir félagar í ungmennafélögum sem eru virkir í starfi og hafa uppáskrift félags síns eða sambands til að afla sér aukinnar þekkingar á sérsviði sínu sem gæti nýst viðkomandi félagi, sambandi og ungmennafélags-hreyfingunni í heild.

Umsóknarfrestir í fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ eru tveir á ári, 1. apríl og 1. október. Úthlutun fer fram 1. maí og 1. nóvember ár hvert.

Á síðasta ári veitti sjóðurinn rúmum 20 milljónum króna til 271 verkefnis. Úthlutunin skiptist á vor og haust.

1. maí 2020

**136**

VERKEFNI

**8.295.000 kr.**

1. október 2020

**135**

VERKEFNI

**11.943.788 kr.**

# Gæði - alla leið!

## Í SÁTT VIÐ NÁTTÚRUNA



Fjölskyldurnar í Lambhaga eru hluti þeirra 900 bænda sem eiga SS. Þau sinna bústörfum í fullri sátt við umhverfið. Með fyrsta flokks aðbúnaði tryggja þau að kjötið frá SS skilar sér í gæðum alla leið á diskinn þinn.

Íslenska sveitin og SS - fyrir þig

